

**myMerlinPulse™ forrit**  
**PERSÓNUVERNDARYFIRLÝSING VEGNA SNJALLFORRITS**  
**Dagsetning útgáfu: Janúar 2024**

**Abbott**, veitir myMerlinPulse™ forritið („**Forrit**“) fyrir ígræðanlegt hjartatæki sem fæst hjá okkur þar á meðal, (þar sem það er tiltækt, Avant™, Neutrino™, Gallant™, og Entrant™ ígræðanlegt hjartatæki („**Tæki**“) sem sendir gögn til Merlin.net™ heilsufarsgagnagrunnsins („**Merlin.net**“) (kallast saman „**Þjónustur**“) svo að lækniþín eða heilbrigðisstofnunin geti fjarstýrt og forritað hjartatækið þitt og veitt þér lækniþjónustur. Heilbrigðisstofnunin þín hefur gert samning við Abbott um að veita henni Merlin.net sem geymir upplýsingar um hjartatækið þitt og hjartasjúkdóm. Hlutdeildarfélag Abbott fyrir heilbrigðisstofnunina á þínu svæði kallast „**Abbott**“ í

þessari persónuverndarstefnu og sér um að útvega heilbrigðisstofnun þinni Merlin.net.

Við leggjum okkur fram um að tryggja öryggi persónuupplýsinganna þinna. Þessi persónuverndaryfirlýsing („**Persónuverndaryfirlýsing**“) útskýrir hvernig við meðhöndlum persónuupplýsingar þínar fyrir þjónustuna og hvað við gerum til að halda persónuupplýsingunum þínum öruggum. Okkur er ljóst að þessi persónuverndaryfirlýsing inniheldur mikið magn upplýsinga. Við viljum því veita þér stutta og aðgengilega samantekt á því hvernig við vinnum með, verndum, viðhöldum, geymum og birtum persónuupplýsingarnar þínar. Frekari upplýsingar er að finna í köflunum **+Um þjónustuna** og **+Öryggi persónuupplýsinga** í persónuverndaryfirlýsingunni hér að neðan.

**ÞESSI SAMANTEKT ER EKKI ÍTARLEG. TIL AÐ SKILJA TIL HLÍTAR MEÐ HVAÐA HÆTTI VIÐ VINNUM MEÐ PERSÓNUUPPLÝSINGAR ÞARFTU AÐ LESA VIÐEIGANDI HLUTA Í HEILD.**

Þegar þú setur upp forritið notum við persónuupplýsingar, þ.m.t. fæðingardag þinn og -ár og raðnúmer tækis. Við notum netfangið þitt eða símanúmer til auðkenningar meðan verið er að para hjartatækið þitt. Forritið sendir upplýsingar úr tækinu þínu til okkar og ef þú hefur samband við þjónustuver okkar verður búin til sérstök færsla sem tengist beiðni þinni um tæknilega aðstoð. Við notum líka þær persónuupplýsingar sem heilbrigðisstofnunin þín færir inn í Merlin.net. Frekari upplýsingar er að finna í köflunum **+Söfnun og vinnsla persónuupplýsinga** og **+Sérákvæði um lönd** í persónuverndaryfirlýsingunni hér að neðan.

Við notum persónuupplýsingar til að: (1) veita þér þjónustuna; (2) uppfylla lagaskyldur, þ.m.t. skyldur tengdar öryggi, gæðum og úrbótum á lækningatækjum og (3) framkvæma rannsóknir eftir að persónuupplýsingarnar hafa verið gerðar ópersónugreinanlegar, fengið gerviauðkenni, þeim hefur verið safnað upp og/eða þær gerðar nafnlausar, þannig að þær geti ekki vísað til þín með nafni. Við framkvæmum rannsóknir til að öðlast skilning á því hvernig vörur okkar og þjónusta eru notuð og á skilvirkni þeirra og til að afla raungagna. Frekari upplýsingar er að finna í köflunum **+Notkun Abbott á persónuupplýsingum**, **+Lækningatæki** og önnur lagaskilyrði, **+Rannsóknir**, **+Varðveisla persónuupplýsinga** í persónuverndaryfirlýsingunni hér að neðan.

Við setjum strangar takmarkanir á það með hverjum við deilum persónuupplýsingum þínum og munum aldrei selja upplýsingarnar til þriðja aðila í viðskiptalegum tilgangi. Við deilum persónuupplýsingum með hlutdeildarfélögum okkar til að greiða fyrir tækniástoð við þjónustuna og reglufylgni, til að framkvæma rannsóknir eða til að sinna úrræðaleit/greiningum og ítarlegri greiningum á kerfistengdum vandamálum. Frekari upplýsingar er að finna í köflunum **+Birting okkar á persónuupplýsingum** og **+Aðgangur Abbott að persónuupplýsingum þegar heilbrigðisstofnun er veitt þjónusta** persónuverndaryfirlýsingunni hér að neðan.

Ef tiltekin réttindi varðandi persónuupplýsingar þínar gilda um þig vegna staðsetningar þinnar munum við svara slíkum beiðnum. Frekari upplýsingar er að finna í kaflanum **+Hvernig einstaklingar geta nálgast og leiðrétt persónuupplýsingar og réttindi einstaklinga** í persónuverndaryfirlýsingunni hér að neðan.

Persónuupplýsingar sem tengjast þjónustunni eru geymdar annaðhvort á netþjónum í Bandaríkjunum eða á svæðisbundinni uppsetningu í Evrópu, allt eftir búsetulandi þínu. Frekari upplýsingar er að finna í köflunum **+Geymsla gagna** og **+Flutningur persónuupplýsinga yfir landamæri** í persónuverndaryfirlýsingunni á hlekknum hér að neðan. Við mælum auk þess með því að þú lesir

kaflann **+SÉRÁKVÆÐI UM LÖND** þar sem þar gæti verið að finna viðbótarákvæði sem eiga við í þínu búsetulandi.

Ef þú ert með spurningar um þjónustuna skaltu fyrst hafa samband við heilbrigðisstofnunina þína. Heilbrigðisstofnunin þín er „ábyrgðaraðili“ þinna persónuupplýsinga þegar stofnunin veitir þér heilbrigðisþjónustu. Við erum „vinnsluaðili“ þinna persónuupplýsinga fyrir hönd stofnunarinnar, þegar við veitum þér og stofnuninni þjónustuna. Ef þú hefur frekari spurningar eða athugasemdir varðandi persónuvernd skaltu hafa samband við okkur á netfangið [privacy@abbott.com](mailto:privacy@abbott.com). Ef þú ert búsett(ur) á Evrópska efnahagssvæðinu getur þú haft samband við gagnaverndarfulltrúa okkar í Evrópu eða gagnaverndaryfirvöld á þínu búsetusvæði. [Samskiptaupplýsingar fyrir gagnaverndarfulltrúa Abbott í Evrópu, sem og aðrar gagnlegar samskiptaupplýsingar, er að finna á \[www.EU-DPO.abbott.com\]\(http://www.EU-DPO.abbott.com\)](#). Frekari upplýsingar er að finna í kaflanum **+Hafa samband** í persónuverndaryfirlýsingunni hér að neðan.

Ef gerðar eru efnislegar breytingar á innihaldi þessarar persónuverndaryfirlýsingar munum við tilkynna þér það með tölvupósti eða í forritinu, næst þegar þú notar forritið. Frekari upplýsingar er að finna í kaflanum **+Breytingar á þessari persónuverndaryfirlýsingu** í persónuverndaryfirlýsingunni hér að neðan.

Smelltu á tengilinn fyrir þitt svæði til að skoða heildartexta persónuverndaryfirlýsingarinnar

Bandaríkin: <https://www.cardiovascular.abbott/us/en/policies/mymerlinpulse-app-privacy.html>

Utan Bandaríkjanna: <https://www.cardiovascular.abbott/int/en/policies/mymerlinpulse-app-privacy.html>

™ Gefur til kynna vörumerki Abbott fyrirtækjasamsteypunnar.

© 2024 Abbott. Allur réttur áskilinn

**myMerlinPulse™**  
**PERSÓNUVERNDARYFIRLÝSING FYRIR SNJALLFORRIT**  
**Dagsetning útgáfu: Janúar 2024**

**Abbott**, veitir Merlin.net™ heilsufarsgagnagrunninn („**Merlin.net**“) í gegnum staðbundið hlutdeildarfélag. Heilbrigðisstofnunin þín hefur gert samning við Abbott um að veita henni Merlin.net sem geymir upplýsingar um hjartatækið þitt og hjartasjúkdóm. Hlutdeildarfélag Abbott fyrir heilbrigðisstofnunina á þínu svæði kallast „**Abbott**“ „**við**“, „**okkur**“ og „**okkar**“ í þessari persónuverndarstefnu og er veitandi Merlin.net fyrir heilbrigðisstofnunina þína. Abbott útvegar snjallforritið myMerlinPulse™ („**forritið**“) (Merlin.net og forritið nefnast sameiginlega „**þjónustan**“).

Við gerum okkur grein fyrir mikilvægi gagnaverndar og persónuverndar og skuldbindum okkur til að vernda persónuupplýsingar, þ.m.t. heilbrigðisupplýsingar. Í þessari persónuverndaryfirlýsingu er því lýst hvernig Abbott safnar persónuupplýsingum og vinnur úr þeim þegar þú notar þjónustuna.

Lestu þessa persónuverndaryfirlýsingu vandlega áður en þú skráir þig sem notanda þessa forrits, þar sem hún upplýsingar um vinnslu, flutning og geymslu Abbott og tiltekinn tengdra fyrirtækja, eins og lýst er hér að neðan, á persónuupplýsingum um þig, þ.m.t. heilsufarstengdum gögnum. Yfirlýsingin gildir einnig um vinnslu persónuupplýsinga þinna hjá hlutdeildarfélögum okkar og hjá vinnsluaðilum okkar ef bregðast þarf við vegna þjónustu við viðskiptavini í tengslum við þjónustuna.

Þessi persónuverndaryfirlýsing gildir ekki um persónuupplýsingar sem er unnið úr eða safnað hjá öðrum hlutdeildarfélögum eða dótturfélögum Abbott eða eftir öðrum leiðum, svo sem á öðrum vefsvæðum eða í öðrum þjónustuverum Abbott. Notkun lækisins þíns á Merlin.net og aðrar reglur um persónuvernd geta gilt um persónuupplýsingar sem unnið er með eða safnað með þessum aðferðum.

Með því að skrá þig sem notanda að þessu forriti samþykkir þú þessa persónuverndaryfirlýsingu og:

- staðfestir að þú hafir lögaldur til að samþykkja þessa persónuverndaryfirlýsingu; og
- að þú veitir samþykkið annaðhvort fyrir þína hönd eða fyrir hönd annars einstaklings, að því gefnu að þú hafir staðfesta heimild til að samþykkja þessa persónuverndaryfirlýsingu með lögmeðum hætti fyrir hans hönd.

**MEÐ ÞVÍ AÐ STAÐFESTA ÞESSA PERSÓNUVERNDARYFIRLÝSINGU SAMÞYKKIR ÞÚ SÉRSTAKLEGA AÐ NOTKUN ÞÍN Á FORRITINU OG ÞJÓNUSTUNNI FALLI UNDIR ÞESSA PERSÓNUVERNDARYFIRLÝSINGU OG VINNSLU OG FLUTNING PERSÓNUUPPLÝSINGA, Þ.M.T. HEILBRIGÐISUPPLÝSINGA, EINS OG ÞEIM ER LÝST Í ÞESSARI PERSÓNUVERNDARYFIRLÝSINGU. (ÞESSI LIÐUR Á EKKI VIÐ NOTENDUR Á EVRÓPSKA EFNAHAGSSVÆÐINU („EES“), BRETLANDI („UK“) OG SVISS. FREKARI UPPLÝSINGAR MÁ FINNA Í HLUTUNUM FYRIR HVERT SVÆÐI HÉR FYRIR NEÐAN).**

**EF ÞESS ER KRAFIST AF LÖGUM BÚSETULANDS ÞÍNS MERKIR ÞAÐ AÐ SMELLA Á „ACCEPT“ (STAÐFESTA) Eða „AGREE“ (SAMÞYKKJA) AÐ ÞÚ VEITIR SKÝRT SAMÞYKKI FYRIR VINNSLU PERSÓNUUPPLÝSINGANNA ÞINNA, Þ.M.T. HEILBRIGÐISUPPLÝSINGA, OG FLUTNINGI PERSÓNUUPPLÝSINGANNA ÞINNA TIL NETÞJÓNA ABBOTT SEM ERU Í BANDARÍKJUNUM.**

**ÞÚ VEITIR SAMÞYKKI ÞITT AF FÚSUM OG FRJÁLSUM VILJA OG ÞÚ VIÐURKENNIR AÐ ÞÉR BER ENGIN LAGALEG SKYLDU TIL AÐ VEITA ABBOTT PERSÓNUUPPLÝSINGAR.**

#### **+Um okkur**

Abbott er framleiðandi forritsins og ígræðanlega hjartatækisins, þar á meðal, þar sem það er tiltækt, Avant™, Neutrino™, Gallant™, og Entrant™ ígræðanlegt hjartatæki („**Tækið**“) og Abbott veitir Merlin.net til heilbrigðisstofnunarinnar þinnar í gegnum staðbundið hlutdeildarfélag.

Heilbrigðisstofnunin þín er ábyrgðaraðili persónuupplýsinga þinna í þeim tilgangi að veita þér heilbrigðisþjónustu. Heilbrigðisstofnunin þín ber ábyrgð á vinnslu allra slíkra gagna og því að tryggja að upplýsingar sem eru sendar í gegnum þjónustuna séu meðhöndlaðar í samræmi við gildandi lög um

persónuvernd og gagnavernd. Hugtakið „ábyrgðaraðili“ er notað samkvæmt skilgreiningu á því hugtaki í gagnaverndarlögum EES, Bretlands og Sviss og hefur, eftir atvikum, sömu merkingu og svipuð hugtök í lögum um gagnavernd og persónuvernd sem gilda í öðrum ríkjum þar sem þú hefur búsetu.

Abbott er ábyrgðaraðili persónuupplýsinga þegar við notum persónuupplýsingar til að: (1) veita þér þjónustuna; (2) uppfylla lagaskyldur, þ.m.t. skyldur tengdar öryggi, gæðum og úrbótum á lækningatækjum og (3) framkvæma rannsóknir sem tengjast þjónustunni eftir að persónuupplýsingarnar hafa verið gerðar ópersónugreinanlegar, fengið gerviauðkenni, þeim hefur verið safnað upp og/eða þær gerðar nafnlausar. Frekari upplýsingar er að finna í kaflanum **+Notkun Abbott á persónuupplýsingum**.

## **+Um þjónustuna**

Merlin.net er fjartengt heilsufarsþjónustukerfi sem geymir upplýsingar sem eru sendar úr tækinu þínu gegnum þjónustuna.

Með þjónustunni er hægt að senda með skjótum og sjálfvirkum hætti upplýsingar sem tækið safnar og hlaða þeim upp í gegnum forritið í öruggan einkagagnagrunn Abbott. Heilbrigðisstarfsmaður þinn getur notað Merlin.net til að fá fjaraðgang að tækinu þínu og skoða reglulega upplýsingar um virkni og stöðu tækisins og áhrif þess á heilsu þína. Þjónustan hjálpar heilbrigðisstofnuninni að fylgjast með ástandi hjartans og/eða gera breytingar á meðferð þinni án þess að þú þurfir að mæta eins oft á heilbrigðisstofnunina.

Áður en þú getur notað þjónustuna verður heilbrigðisstarfsmaðurinn þinn að skrá þig á Merlin.net og þú verður að vera með snjalltæki sem uppfyllir lágmarkskröfur kerfisins. Þegar þú hefur slegið inn fæðingardag og raðnúmer tækisins þíns í forritinu verður þú að para forritið við tækið þitt. Ef þú þarft að para tækið þitt aftur við annað forrit eftir fyrstu skráningu þarftu einnig að fá virkjunarkóða sem þú getur valið um að láta senda á netfangið eða í símanúmerið sem þú gafst heilbrigðisstofnuninni. Þegar þú hefur slegið inn þennan virkjunarkóða í forritinu verður þú að para tækið þitt við forritið. Forritið lætur þig vita þegar uppsetningu er lokið. Forritið sendir upplýsingar úr tækinu þínu til Merlin.net, svo að heilbrigðisstarfsmaðurinn þinn geti fjarfylgst með tækinu þínu.

Þjónustufulltrúar okkar geta haft samband við þig eftir ígræðslu tækisins til að aðstoða þig við að nota forritið, m.a. til að svara spurningum sem þú kannt að hafa um notkun forritsins í snjalltæki, þörun forritsins við snjalltæki og úrræðaleit fyrir forritið í snjalltækinu. Þetta fer þó eftir staðsetningu þinni.

## **+Söfnun og vinnsla persónuupplýsinga**

Þegar þú notar forritið er unnið úr eftirfarandi flokkum persónuupplýsinga:

- raðnúmeri tækis og fæðingardeggi þínum;
- netfanginu þínu og/eða símanúmeri, til að við getum sent þér virkjunarkóða;
- upplýsingum um vikudag, mánuð og tímasetningu eru sendar til Merlin.net úr tækinu;
- upplýsingum um heiti og gerðarnúmer tækisins;
- upplýsingum sem tengjast stillingum, færíbreytum og greiningu úr tækinu þínu í þeim tilgangi að senda til Merlin.net sem heilbrigðisstarfsmaður þinn getur skoðað;
- reglubundnum skýrslum sem gera grein fyrir samskiptum tækisins við forritið og samskiptum forritsins við netþjóna Abbott frá síðustu skýrslu;
- upplýsingum um frammistöðu forritsins, þar á meðal hrunskýrslum; og
- reglubundnum skýrslum sem skrá virkni forritsins frá síðustu viðhaldsskýrslu.

Forritið tengist tækinu og sendir gögn úr því til Merlin.net. Þjónustan sem tengist Merlin.net notar ítarlegar persónuupplýsingar, þar á meðal heilsufarstengd gögn sem heilbrigðisstofnunin færir inn þegar notandasíða þín sem sjúklings er búin til í Merlin.net. Þessar persónuupplýsingar geta m.a. verið símanúmer þitt eða netfang, gerðar- og raðnúmer tækis og aðrir valfrjálsir reitir, þar á meðal kyn, kynþáttur, kjörtungumál, klínískar athugasemdir og virkni tækis, dagsetningar meðferða og gagnasendinga, upplýsingar um sjúkdóminn þinn, útlutað númer sjúklings eða annað auðkenni sjúklings. Heilbrigðisstofnunin þín gæti einnig sett inn upplýsingar um neyðartengilið fyrir þig, þar á meðal nafn hans, símanúmer og heimilisfang. Þú getur valið hvort þú vilt gefa upp neyðartengilið eða ekki, og til að gera það þarftu að hafa fengið leyfi neyðartengiliðsins til að veita upplýsingar um hann í þeim tilgangi að vera neyðartengiliður þinn. Abbott þarf hugsanlega að fá aðgang að þessum persónuupplýsingum til að styðja þjónustuna og viðhalda henni.

#### **+Notkun heilbrigðisstofnunar á upplýsingum þínum**

Heilbrigðisstofnunin safnar persónuupplýsingunum þínum í tengslum við læknismeðferð þína og setur þær inn í Merlin.net. Heilbrigðisstofnunin notar þjónustuna til að fylgjast með ígrædda tækinu og hjartslætti þínum. Þetta veitir heilbrigðisstofnun þinni upplýsingar sem geta leitt til þess að hún stillir tækið þitt eða biður þig um að mæta í læknisheimsókn.

Heilbrigðisstofnunin vinnur úr persónuupplýsingum frá þér í eftirfarandi tilgangi:

- til að veita læknishjálp, þ.m.t. áframhaldandi læknismeðferð, með því að fylgjast með og aðlaga tækið og hjartslátt þinn og gera auðveldara að veita þér læknishjálp;
- til að veita Abbott aðgang að persónuupplýsingunum þínum, í því skyni að veita tæknilega aðstoð vegna þjónustunnar, þ.m.t. tæknilega og klíníska aðstoð, svo sem aðstoð við villukembingu, uppfærslur eða úrræðaleit fyrir þjónustuna eða túlkun gagna; og
- með öðrum hætti, eins og krafist er samkvæmt gildandi lögum.

#### **+Aðgangur Abbott að persónuupplýsingum þegar heilbrigðisstofnun er veitt þjónusta**

Við vinnum úr persónuupplýsingunum þínum sem vinnsluaðili fyrir hönd heilbrigðisstofnunarinnar þinnar. Slík úrvinnsla grundvallast á leiðbeiningum frá þinni heilbrigðisstofnun og fer fram í eftirfarandi tilgangi:

- að veita heilbrigðisstofnuninni þjónustu til að stofnunin geti fylgst með tækinu og hjartslætti þínum;
- að veita heilbrigðisstofnuninni tæknilega og klíníska aðstoð, svo sem aðstoð við villukembingu, uppfærslur eða úrræðaleit; eða
- hafi heilbrigðisstofnunin heimild til að fá aðgang að heilsufarsupplýsingunum þínum, til að aðstoða stofnunina við túlkun gagna sem eru send úr tækinu.

Við munum hugsanlega veita þinni heilbrigðisstofnun þjónustu frá eftirfarandi stöðum, allt eftir staðsetningu þinni: Svíþjóð; öðrum stöðum í Evrópu, sérstaklega ef við erum með starfsemi í búsetulandi þínu; eða öðrum þjónustumiðstöðvum okkar í Bandaríkjunum, Kostaríka og/eða Malasíu. Við munum einnig hugsanlega nota aðra þriðju aðila til að veita heilbrigðisstofnuninni þinni tæknilega eða klíníska aðstoð. Þegar við notum einhvern þriðja aðila til að veita þinni heilbrigðisstofnun þjónustu gerum við viðeigandi ráðstafanir til að tryggja trúnað, heilleika og öryggi persónuupplýsinga.

Hugtakið „vinnsluaðili“ er notað samkvæmt skilgreiningu á því hugtaki í gagnaverndarlögum EES, Bretlands og Sviss og hefur, eftir atvikum, sömu merkingu og svipuð hugtök í lögum um gagnavernd og persónuvernd sem gilda í öðrum ríkjum þar sem þú hefur búsetu.

#### **+Notkun Abbott á persónuupplýsingum þínum**

Abbott vinnur úr persónuupplýsingum þínum, þar á meðal heilsufarstengdum persónuupplýsingum, sem ábyrgðaraðili gagna, í eftirfarandi tilgangi:

- að veita þér þjónustuna í samræmi við leyfissamning notanda forritsins;

- að halda skrá yfir samskipti þín við Abbott þegar þú hefur milliliðalaus samskipti við Abbott varðandi þjónustuna;
- að veita þinni heilbrigðisstofnun þjónustuna, þ.m.t. tæknilega aðstoð í tengslum við tækið;
- í samræmi við gildandi lög um notkun og flokkun lækningatækja, þar á meðal vegna eftirlits með lækningatækjum á eftirmaðaði, gæðastjórnunar, þ.m.t. vörupróunar og umbóta, öryggis, virkni og árvekni;
- ef nauðsyn krefur til að setja fram, beita eða verjast dómsmálum og;
- eins og kveðið er á um að öðru leyti í gildandi lögum.

Þegar heilbrigðisstofnunin þín býr til notandasnið fyrir þig í Merlin.net, og þar sem gildandi lög kveða á um það, hefur þú veitt skýrt samþykki þitt fyrir því að Abbott auðkennisbrenngli upplýsingar og fái þeim gerviauðkenni, safni þeim saman og/eða geri þær nafnlausar í því skyni að sinna rannsóknum á gögnunum. Frekari upplýsingar er að finna í kaflanum **+Rannsóknir**.

Burtséð frá ofangreindri vinnslu, má Abbott aðeins nota gögnin þín í öðrum tilgangi ef þú hefur samþykkt að Abbott geri það. Skoðaðu eyðublað Merlin fyrir samþykki á gagnanotkun sem tengist þessum tilgangi.

Hugtakið „ábyrgðaraðili“ er notað samkvæmt skilgreiningu á því hugtaki í gagnaverndarlögum EES, Bretlands og Sviss og hefur, eftir atvikum, sömu merkingu og svipuð hugtök í lögum um gagnavernd og persónuvernd sem gilda í öðrum ríkjum þar sem þú hefur búsetu.

### **+Gagnageymsla**

Við tökum á móti gögnum frá forritinu og tækinu áður en þau eru vistuð. Persónuupplýsingar eru vistaðar annað hvort á netþjónum í Bandaríkjunum eða á svæðisbundinni uppsetningu í Evrópu, eftir staðsetningu heilbrigðisstofnunar þinnar. Ef heilbrigðisstofnun þín er staðsett í Bandaríkjunum eða í löndum utan EES, Bretlands eða Sviss verða persónuupplýsingar geymdar á netþjónum í Bandaríkjunum. Fyrir EES, Bretland og Sviss verða persónuupplýsingar geymdar annað hvort á svæðisbundinni uppsetningu í ESB (ef heilbrigðisstofnun þín hefur samþykkt að geyma upplýsingar í þessari uppsetningu) eða á netþjónum í Bandaríkjunum.

Frá þriðja ársfjórðungi 2023 fyrir heilbrigðisstofnanir í EES, Bretlandi og Sviss sem hafa kosið að geyma persónuleg gögn í svæðisbundinni uppsetningu ESB, notar Abbott Microsoft Azure til að hýsa upplýsingar sem sendar eru úr tækinu þínu í gegnum þetta forrit, og ef heilbrigðisstofnun þín er staðsett í aðildarlandi EES, Sviss eða Bretlandi, mun forritið senda persónuupplýsingar þínar til netþjóna innan yfirráðasvæðis ESB. Fyrir franska notendur er Microsoft Azure vottað af frönsku stofnuninni fyrir stafræna heilsu, Agence de Santé, til að hýsa heilbrigðisupplýsingar. Persónuupplýsingar sem sendar eru til Merlin.net kunna að vera hýstar í því landi sem er næst staðsetningu heilbrigðisstofnunar þinnar eða á annan hátt í samræmi við gagnageymslu og persónuverndarkröfur þar sem heilbrigðisstofnun þín er staðsett.

Þegar persónuupplýsingar þínar eru sendar og hýstar á Merlin.net netþjónum í öðru landi en þar sem heilbrigðisstofnun þín er staðsett eða búsetuland þitt, gætu þær fallið undir lög gistilandsins, sem gætu ekki jafngilt lögum lands heilbrigðisstofnunar þinnar eða búsetulands þíns. Abbott hefur innleitt viðeigandi öryggisráðstafanir og stjórnæki til að vernda persónuupplýsingar þínar. Frekari upplýsingar um alþjóðlegar staðsetningar netþjóna okkar og á hvaða netþjónum persónuupplýsingar þínar eru vistaðar, þar á meðal heilbrigðisupplýsingar, er hægt að fá með því að hafa samband við heilbrigðisstofnun þína.

Sjá einnig **+Öryggi persónuupplýsinga** og **+Flutningur persónuupplýsinga yfir landamæri**.

### **+Lækningatæki og önnur lagaskilyrði**

Abbott mun hugsanlega nota persónuupplýsingar þar sem þess er krafist samkvæmt lögum og mun, hvenær sem þess er kostur, auðkennisbrensla og fá upplýsingum gerviauðkenni, safna þeim saman og/eða gera þær nafnlausar, til að uppfylla lagalegar skuldbindingar okkar sem framleiðandi lækningatækja. Þessar upplýsingar eru í öruggri vörslu Abbott og verða ekki notaðar til að auðkenna þig sérstaklega með nafni eða netfangi, nema þar sem okkur ber lagaleg skylda til að láta slíkar upplýsingar koma fram. Í þeim tilvikum sem slík notkun persónuupplýsinga fellur undir lagaskilyrði förum við ekki fram á samþykki.

Abbott mun nota upplýsingarnar til að uppfylla eftirfarandi lagaskilyrði:

- að tryggja viðvarandi öryggi og hvers konar þróun tækis;
- að fylgjast með og bæta gæði, öryggi og virkni lækningatækja og -kerfa;
- að sannvotta uppfærslur, og tryggja áframhaldandi öryggi fyrir Merlin.net og/eða tengd farsímaforrit;
- að sinna víðtækri greiningu í því skyni að greina kerfislæg vandamál með tilliti til almannahagsmuna á sviði lýðheilsu.
- að rannsaka, þróa og prófa lækningatæki, þ.m.t. nýja og núverandi eiginleika og virkni, og prófa og bæta Merlin.net og/eða tengd farsímaforrit með hliðsjón af vörubrúun; og
- ef lög kveða á um annað, meðal annars til að bregðast við tilmælum frá hvers konar til þess bærum löggæsluaðilum, stjórnvöldum, til að bregðast við ógnunum við þjóðaröryggi eða farsóttum, dómsmálum, dómsúrskurði, beiðni stjórnvalda eða málarekstri sem höfðaður er á hendur okkur, eða til að vernda öryggi, réttindi eða eignir viðskiptavina okkar, almennings, Abbott eða annarra, og til að framfylgja, kjölfesta eða verja lagalegan rétt Abbott eða, ef við teljum það nauðsynlegt, til að rannsaka, koma í veg fyrir eða grípa til aðgerða vegna ólögðra athafna, gruns um svik eða aðstæðna sem hugsanlega ógna öryggi einstaklinga, brota á þessari persónuverndaryfirlýsingu, eða sem gögn í málssókn sem við erum viðriðin.

Við notum hugtökin „að auðkennisbrensla“ og „að nota gerviauðkenni“ jöfnum höndum. Í lögum um ábyrgð og flutning heilbrigðistrygginga í Bandaríkjunum (HIPAA) er auðkennisbrensluðum upplýsingum lýst sem upplýsingum þar sem „engin raunhæf ástæða er til að ætla að hægt sé að nota upplýsingarnar til að auðkenna einstakling“. Almenn persónuverndarreglugerð ESB (2016/679) (GDPR) skilgreinir „notkun gerviauðkenna“ sem svo: „þegar unnið er með persónuupplýsingar á þann hátt að ekki sé lengur hægt að rekja þær til tiltekins skráðs einstaklings án viðbótarupplýsinga“. Nafnlaus gögn eru upplýsingar sem tengjast ekki einstaklingi og sem ekki er hægt að bera kennsl á og slík gögn falla yfirleitt utan gagnaverndar- og persónuverndarlaga.

Frekari upplýsingar um GDPR er að finna í kaflanum **+Evrópska efnahagssvæðið, Bretland, Cayman-eyjar, Sviss og Taíland** hér að neðan.

#### **+Rannsóknir**

Þar sem gildandi lög krefjast þess, biður Abbott um skýrt samþykki þitt til að leyfa okkur að auðkennisbrensla eða nota gerviauðkenni, safna saman og/eða gera persónuupplýsingar þínar nafnlausar til að framkvæma rannsóknir í afmörkuðum tilgangi.

Ef gagnasafn er notað í rannsóknarskyni innihalda gögnin ekki nafn, heimilisfang, símanúmer eða netfang. Við gerum ráðstafanir til að tryggja að enginn raunhæfur grundvöllur sé fyrir því að hægt verði að nota auðkennisbrensluð gögn eða gögn með gerviauðkenni til að bera kennsl á þig. Upplýsingar sem notaðar eru við rannsóknir geta m.a. verið gerðar- og raðnúmer tækis, tímabil milli ígræðsludags og síðari vitjunardaga, ígræðsludagur og lýðfræðilegar upplýsingar, svo sem búsetustaður og aldur.

Við framkvæmum rannsóknir þar sem við notum þess konar auðkennisbrensluð gögn eða gögn með gerviauðkenni, eða uppsöfnuð, tölfræðileg og/eða nafnlaus gögn í eftirfarandi tilgangi:

- að auka gæði, öryggi og skilvirkni hjartameðferðar- og lækningatækja okkar og -kerfa og greiða fyrir þróun hugvitssamlegra og skilvirkra meðferða á hjartakvillum, í þágu lýðheilsu;
- til að sinna rannsóknum, til að safna og greina tölfræðileg gögn og til að senda rannsóknaraðilum á vegum þriðju aðila, heilbrigðisstofnunum eða heilbrigðisstarfsmönnum eða lýðheilsuyfirlögum;
- að meta skilvirkni þjónustunnar og hvernig hún er veitt og notuð;

- að staðfesta virkni og uppfærslur þjónustunnar, þ.m.t. að fylgjast með og bæta öryggi og áreiðanleika slíkrar þjónustu;
- að rannsaka, þróa og prófa lækningatæki, þ.m.t. nýja og núverandi eiginleika og virkni, og til að prófa og bæta þjónustuna og lækningatækin okkar til vörubrúnar, gagnagreiningar, tölfræðilegrar greiningar og könnunar; og
- í þágu almannahagsmuna á sviði lýðheilsu, þ.m.t. þegar þjónustan og lækningatækin eru endurgreiðsluhæf eða falla að öðru leyti undir almannatryggingar, sjúkratryggingar eða aðrar opinberar fjárveitingar.

Ef þú hefur verið beðin(n) um að veita samþykki fyrir vinnslu persónuupplýsinga þinna geturðu dregið samþykki þitt til baka hvenær sem er með því að hafa samband við okkur. Afturköllun samþykkis hefur ekki áhrif á lögmæti vinnslunnar á grundvelli samþykkis þíns fram að afturkölluninni. Hafðu einnig í huga að þegar þú dregur samþykki þitt til baka mun Abbott aðeins hætta að vinna úr persónuupplýsingum þínum sem tengjast afturköllun samþykkis. Abbott mun enn vinna með persónuupplýsingar þar sem það er undir samningsbundinni skyldu að gera það við heilbrigðisstofnun þína eða aðra lagaskyldu til að gera það, eins og lýst er í **+Lækningatæki og önnur lagaskilyrði**.

Ef þú færð beiðni um að taka þátt í klínískri rannsókn, og þar sem gildandi lög krefjast þess, verður þú beðin(n) að veita sértækt upplýst samþykki á vefsvæði rannsóknarinnar áður en þú tekur þátt í einhverri slíkrri rannsókn og þátttaka þín er algerlega valfrjáls. Rannsóknirnar í þessum kafla tengjast ekki þátttöku í klínískri rannsókn. Frekari upplýsingar um HIPAA er að finna í kaflanum **+Bandaríkin** hér að neðan. Frekari upplýsingar um GDPR er að finna í kaflanum **+Evrópska efnahagssvæðið, Bretland, Cayman-eyjar, Sviss og Taíland** hér að neðan.

#### **+Varðveisla persónuupplýsinga**

Upplýsingar sem safnað er úr tækinu þínu verða varðveittar í að hámarki sjö (7) ár frá síðustu sendingu þinni (þ.e. frá síðustu notkun þinni á tækinu og/eða forritinu), fyrir utan það sem lög kunna að krefjast.

Í kaflanum **+Eyðing upplýsinganna þinna af Merlin.net** er skýrt hvernig þú getur beðið heilbrigðisstofnunina þína að eyða upplýsingum um þig úr Merlin.net-heilsufarsgagnagrunninum.

#### **+Birthing okkar á persónuupplýsingum**

Við munum hugsanlega deila persónuupplýsingunum þínum með eftirfarandi hætti:

- Við deilum persónuupplýsingum með þriðju aðila birgjum í þeim eina tilgangi að veita, viðhalda, hýsa og styðja þjónustuna. Eftir staðsetningu heilbrigðisstofnunar þinnar, gæti Abbott notað Microsoft Azure til að taka á móti gagnasendingum frá tækinu þínu þegar þú notar þjónustuna. Þegar við sendum þriðju aðila birgjum persónuupplýsingar til að auðvelda okkur að veita þjónustuna er þeim skylt að halda trúnað um og tryggja öryggi persónuupplýsinga þinna og nota slíkar upplýsingar aðeins eins og nauðsyn krefur.
- Þegar þess er kostur notar Abbott þjónustuveitur þriðju aðila til að tilkynna kerfisvillur, svo að við getum stutt við og bætt þjónustuna, og í slíkum tilvikum munu upplýsingar sem sendar eru til slíkra þriðju aðila ekki fela í sér notkun á persónuupplýsingum.
- Android gerir kröfu um heimildir fyrir staðsetningarþjónustu til að hægt sé að tengja forrit við Bluetooth®-tæki. Staðsetningarþjónusta Google inniheldur eiginleika sem safna nákvæmum staðsetningargögnum notanda, þar á meðal GPS-merki, skynjurum tækis, Wi-Fi-aðgangsstöðum og auðkennum farsímasenda. Ef notandi veitir aðgang að sinni staðsetningu mun Google safna þessum upplýsingum. Frekari upplýsingar um persónuverndarstefnu Google varðandi þessi gögn er að finna á þjónustuvefsvæði Android. Við munum ekki nota persónuupplýsingar sem þú veitir í tengslum við staðsetningarþjónustu Google á neinn hátt.
- Við munum ekki selja persónuupplýsingar þínar eða veita leyfi fyrir notkun þeirra til þriðju aðila nema í tengslum við sölu, samruna eða flutning á vörulínu eða deild, til að kaupandinn geti haldið áfram að veita þér þjónustuna. Til að eyða öllum vafa munum við aldrei selja persónuupplýsingar þínar þriðju aðilum í viðskiptalegum tilgangi.

- Við munum hugsanlega deila auðkennisbrennguðum upplýsingum eða með gerviauðkenni, uppsöfnuðum og/eða nafnlausum upplýsingum með hlutdeildarfélögum okkar, heilbrigðisstofnuninni þinni, óháðum rannsóknaraðilum og innlendum heilbrigðisyfirvöldum eða váttryggjendum til að sýna fram á skilvirkni þjónustunnar eða eins og krafist er vegna endurgreiðslu á heilbrigðisþjónustu. Þessar upplýsingar verða ekki notaðar til að auðkenna þig sérstaklega.
- Við áskiljum okkur rétt til að birta persónuupplýsingar þínar til að svara viðurkenndum beiðnum yfirvalda um upplýsingar, til að bregðast við aðstæðum sem varða þjóðaröryggi eða þegar lög kveða á um slíkt með öðrum hætti. Þar sem það er leyfilegt eða lög kveða á um það munum við hugsanlega enn fremur birta upplýsingar sem við söfnum frá þér þegar við teljum nauðsynlegt að rannsaka, koma í veg fyrir eða grípa til aðgerða varðandi ólöglegra starfsemi, grun um svik, aðstæður sem fela í sér hugsanlega ógn við öryggi einstaklinga, brot á ákvæðum þessarar persónuverndaryfirlýsingar eða sem sönnunargagn í málssókn sem við eigum hlut að. Persónuupplýsingarnar þínar kunna að falla undir erlend lög og geta orðið aðgengilegar erlendum stjórnvöldum, dómstólum, löggæsluyfirvöldum og eftirlitsstofnunum.

### **+Öryggi persónuupplýsinga**

Abbott hefur innleitt viðeigandi öryggisráðstafanir innan þjónustunnar til að vernda persónuupplýsingar þínar gegn óviljandi eða ólöglegri eyðingu eða að þær tapist fyrir slysi, að þeim sé breytt, að þær verði birtar eða að þeim veittur aðgangur.

Upplýsingar sem berast frá tækinu eru dulkóðaðar fyrir sendingu til að tryggja að þær séu öruggar og farið með þær sem trúnaðarmál. Þjónustan felur í sér ýmsar öryggisráðstafanir til að auka öryggi notandalýsingar þínar og til að koma í veg fyrir óheimilan aðgang að eða birtingu persónuupplýsinga þinna. Aðeins aðilar með leyfi frá þinni heilbrigðisstofnun, þar með talið starfsfólk stofnunarinnar, hafa aðgang að notandasniði þínu sem sjúklings og þá aðeins með einkvæmum skilríkjum og lykilorðum. Abbott hefur innleitt ýmsar öryggis- og aðgangsstýringar til að tryggja að einungis einstaklingar sem hafa heimild í kerfum Abbott geti fengið aðgang að gögnum með gerviauðkenni, uppsöfnuðum og auðkennisbrennguðum gögnum.

Við notum þráðlausa Bluetooth<sup>®1</sup> 4.0-tækni eða nýrri til að senda persónuupplýsingar á milli lækningatækja og iOS- eða Android-tækja. Allar upplýsingar sem tengjast mælingum og sóttar eru úr tækinu eru sendar með Bluetooth-tækni.

Hafðu í huga að þjónustan verður hugsanlega ekki tiltæk á meðan reglubundið viðhald fer fram.

### **+Flutningur persónuupplýsinga yfir landamæri**

Upplýsingar sem er safnað í gegnum þjónustuna geta verið fluttar til og vistaðar í Bandaríkjunum, en það fer eftir staðsetningu heilbrigðisstofnunar þinnar. Gagnaverndarlög Bandaríkjanna tryggja hugsanlega ekki vernd persónuupplýsinga á sambærilegan hátt við persónuverndarlög í ESB-ríkjum, Bretlandi, Sviss eða þínu búsetulandi. Ef þú ert með búsetu í EES, Bretlandi eða Sviss og gögnin þín eru vistuð í Bandaríkjunum, mun heilbrigðisstofnun þín og Abbott hafa samþætt stöðluð samningsákvæði framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, og fyrir Bretland, viðauka í Bretlandi fyrir millifærslur milli landa. Þú færð beiðni um að veita samþykki fyrir flutning persónuupplýsinga þinna til netþjóna Abbott í Bandaríkjunum.

Ef þú hefur beint samband við okkur og biður um tæknilega aðstoð, gætu persónulegar upplýsingar þínar (þar á meðal heilsutengd gögn) verið aðgengilegar fyrir fjarþjónustuteymi okkar í Bandaríkjunum, Svíþjóð (eða öðrum evrópskum stöðum), Kostaríka og/eða Malasíu. Gagnaflutningar innan fyrirtækis hjá Abbott falla undir gagnaflutningssamning þar sem kveðið er á um fullnægjandi verndarráðstafanir.

Einnig er hægt að lesa **+SÉRÁKVÆÐI UM LÖND** til að fá upplýsingar um þau viðbótarákvæði sem gilda um alþjóðlega flutninga á persónuupplýsingum, eftir búsetulandi þínu.

**MEÐ ÞVÍ AÐ NOTA ÞETTA FORRIT OG STAÐFESTA ÞESSA PERSÓNUVERNDARYFIRLÝSINGU OG SAMÞYKKI UPPLÝSUM VIÐ ÞIG UM ÞESSA FLUTNINGA Á PERSÓNUUPPLÝSINGUM ÞÍNUM TIL BANDARÍKJANNA, SVÍÞJÓÐAR (EÐA ANNARA EVRÓPSKRA SVÆÐA) KOSTARÍKA OG/EÐA**

MALASÍU OG UM AÐGANG AÐ PERSÓNUUPPLÝSINGUM ÞÍNUM, ÞAR Á MEÐAL HEILBRIGÐISUPPLÝSINGUM, SEM KUNNA AÐ VERA NAUÐSYNLEGAR Í UNÐANTEKNINGARTILVIKUM TIL AÐ BREGÐAST VIÐ ÞEIM ÞJÓNUSTUBEIÐNUM SEM ÞÚ EÐA LÆKNIRINN ÞINN SETUR FRAM. ÞESSI LÖND TRYGGJA HUGSANLEGA EKKI SAMBÆRILEGA VERND FYRIR PERSÓNUUPPLÝSINGAR ÞÍNAR OG TRYGGT ER Í GAGNAVERNDAR- EÐA PERSÓNUVERNDARLÖGUM ÞÍNS BÚSETULANDS.

#### **+Hvernig Abbott sendir markaðsefni og annað efni**

Við sendum þér ekki vísitandi auglýsingar eða markaðstengdar upplýsingar nema þú hafir valið að fá slíkar tilkynningar frá okkur í tengslum við aðrar vörur okkar og þjónustu.

Hvorki Abbott né hlutdeildarfélag þess eða leyfisveitendur munu vísitandi senda börnum auglýsingar eða markaðstengdar upplýsingar.

Við seljum ekki þriðju aðilum persónuupplýsingarnar þínar til notkunar við beina markaðssetningu.

Hafðu í huga að við munum hugsanlega senda þér upplýsingar ótengdar markaðssetningu um nauðsynlegar uppfærslur á forritinu og þjónustunni eða upplýsingar sem tengjast vöruöryggi.

#### **+Hvernig Abbott verndar friðhelgi barna**

Hægt er að skrá börn í Merlin.net hjá heilbrigðisstofnun. Foreldri/forráðamaður getur hvenær sem er stöðvað söfnun persónuupplýsinga barns, þar á meðal heilbrigðisupplýsinga, með því að hafa samband við heilbrigðisstofnunina og óska eftir því að reikningnum verði eytt. Þessi aðgerð mun eyða reikningi á Merlin.net sem tengist barninu en við munum geyma uppsafnaðar og auðkennisbrenslaðar upplýsingar og gætum þurft að geyma persónulegar upplýsingar í samræmi við ákvæði í lögum.

#### **+Hvernig einstaklingar geta nálgast og leiðrétt persónuupplýsingar og réttindi einstaklinga**

Til að nýta þér gagnaverndarréttindi eða réttindi tengd persónuvernd skaltu hafa samband við heilbrigðisstofnunina hið fyrsta. Ekki er hægt að leiðrétta eða breyta neinum upplýsingum úr tækinu þínu sem hefur verið hlaðið upp.

Með hliðsjón af búsetustað þínum kanntu að eiga rétt á að: (a) fá aðgang að persónuupplýsingum sem við geymum um þig, (b) óska eftir því að við leiðrétum ónákvæmar persónuupplýsingar sem við geymum um þig, (c) eyða persónuupplýsingum sem við geymum um þig, (d) takmarka úrvinnslu persónuupplýsinga sem við geymum um þig, (e) mótmæla úrvinnslu persónuupplýsinga sem við geymum um þig og/eða (f) fá afhentar persónuupplýsingar sem þú hefur veitt okkur á grundvelli samþykkis þíns, á skipulegu sniði sem er læsilegt algengum tölvubúnaði, eða fá þær sendar til annars fyrirtækis. Athugaðu að Abbott er ekki skylt samkvæmt lögum að taka í notkun eða viðhalda kerfum sem eru tæknilega samhæf við önnur fyrirtæki. Ekki er víst að Abbott geti sent persónuupplýsingar þínar beint til annars fyrirtækis.

Börn geta einnig átt rétt á að fá aðgang að þeim persónuupplýsingum sem eru geymdar um þau. Þegar við fáum beiðni um aðgang að persónuupplýsingum barns frá foreldri/forráðamanni barnsins gætum við svarað foreldri/forráðamanni barnsins beint eða mælt með því að viðkomandi hafi samband við lækni eða læknaströf barnsins. Við munum ávallt leitast við að staðfesta auðkenni þess sem óskar eftir aðgangi að upplýsingum um barn, hvort sem slík beiðni berst frá barninu sjálfu eða foreldri þess eða forráðamanni.

Til að óska eftir því að nýta þessi réttindi skaltu hafa samband við heilbrigðisstofnunina sem fyrsta viðbragðsaðila, enda er heilbrigðisstofnunin ábyrgðaraðili persónuupplýsinga þinna í þeim tilgangi að veita þér læknishjálp. Þú getur haft samband við okkur í þeim tilvikum þar sem við erum ábyrgðaraðili persónuupplýsinganna þinna eftir einhverjum samskiptaleiðanna sem tilgreindar eru í kaflanum **+Hafa samband**.

#### **+Eyðing upplýsinganna þinna af Merlin.net**

Ef þú hefur fengið ígrætt tæki getur heilbrigðisstofnunin aðeins fylgst með starfsemi tækisins gegnum Merlin.net. Ef þú velur að fá ekki skráningu í Merlin.net mun það því skerða getu heilbrigðisstofnunarinnar til að fylgjast með heilsufari þínu og laga stillingar á tækinu þínu og það getur haft áhrif á getu hennar til að veita þér meðferð.

Ef þú vilt að upplýsingum um þig verði eytt úr Merlin.net geturðu haft samband við heilbrigðisstofnunina. Ef þú óskar eftir því að upplýsingum um þig verði eytt úr Merlin.net og ert enn með tækið mun heilbrigðisstofnunin þín ekki geta haft eftirlit með hjartslætti þínum um fjartengingu. Hafðu í huga að ef heilbrigðisstofnunin þín eyðir upplýsingum um þig úr Merlin.net munum við eftir sem áður geyma uppsafnaðar og auðkennisbrennlaðar upplýsingar og þurfum hugsanlega að halda eftir tilteknum persónuupplýsingum samkvæmt gildandi lögum.

#### **+Hafa samband**

Ef þú hefur einhverjar spurningar, athugasemdir eða kvartanir varðandi vinnslu á persónuupplýsingum þínum í þeim tilgangi að veita þér læknishjálp eða vilt nýta þér rétt þinn til gagnaverndar skaltu hafa beint samband við þína heilbrigðisstofnun.

Ef þú hefur spurningar, athugasemdir eða kvartanir vegna persónuverndarreglna okkar skaltu hafa samband við okkur með því að smella á tengilinn „Contact Us“ (Hafa samband) á einu af vefsvæðum okkar eða senda okkur tölvupóst á [privacy@abbott.com](mailto:privacy@abbott.com). Einnig getur þú skrifað okkur á:

Attn: Privacy Officer, Abbott, One St. Jude Medical Drive, St. Paul, MN 55117, Bandaríkin

Aðrar samskiptaupplýsingar fyrir notendur innan EES, Bretlands og Sviss er að finna hér á eftir.

**Fyrir notendur í Brasilíu:** Ef þú hefur spurningar, athugasemdir eða kvartanir um persónuverndarvenjur okkar, eða ef þú vilt nýta þér réttindi þín sem koma fram í kaflanum **+Hvernig einstaklingar geta nálgast og leiðrétt persónuupplýsingar og réttindi einstaklinga** skaltu hafa samband við okkur með því að smella á tengilinn „Contact us“ (Hafa samband) á einu af vefsvæðum okkar eða senda tölvupóst á gagnaverndarfulltrúa (DPO) okkar, Juliana Ruggiero, á netfangið [privacybrasil@abbott.com](mailto:privacybrasil@abbott.com). Einnig getur þú skrifað okkur á:

Attn: Juliana Ruggiero Privacy Officer  
Laboratórios do Brasil Ltda.  
Rua Michigan 735, São Paulo/SP  
CEP: 04566-905

Í öllum samskiptum við okkur biðjum við þig um að láta fylgja með netfangið sem notað var við skráningu þína í forritið, sem og ítarlega skýringu á beiðni þinni.

#### **+Breytingar á þessari persónuverndaryfirlýsingu**

Þessi persónuverndaryfirlýsing er endurskoðuð með reglulegu millibili. Ef við gerum efnislegar breytingar á persónuverndarvenjum okkar mun uppfærð útgáfa þessarar persónuverndaryfirlýsingar endurspeglar þær breytingar. Þér verða tilkynntar uppfærslur á þessari persónuverndaryfirlýsingu með tölvupósti eða í forritinu þegar þú notar það næst.

Við áskiljum okkur rétt til að uppfæra og breyta þessari persónuverndaryfirlýsingu fyrirvaralaust svo að hún endurspegli tækniframfarir, breytingar á lögum og reglugerðum og góða viðskiptahætti, að því marki sem slíkt skerðir ekki persónuvernd eins og tilgreint er í þessari persónuverndaryfirlýsingu. Slíkar breytingar hafa ekki áhrif á réttindi þín samkvæmt gildandi lögum.

#### **+SÉRÁKVÆÐI UM LÖND**

**+Alsír, Armenía, Síle, Dóminíska lýðveldið, Kólumbía, Líbía, Marokkó, Pakistan, Panama, Paragvæ, Sádi-Arabía, Trínidad og Tóbagó og Túnis**

Til að Abbott geti unnið úr persónuupplýsingum þínum almennt þarf samþykki þitt að liggja fyrir. Með því að samþykkja skilmála þessarar persónuverndaryfirlýsingar telstu hafa samþykkt vinnslu á persónuupplýsingunum þínum eins og lýst er hér. Ef þú vilt **eyða Merlin.net-reikningnum þínum** geturðu gert það með því að hafa samband við heilbrigðisstofnunina þína. Hafðu í huga að ef þú eyðir aðgangi þínum munum við halda eftir uppsöfnuðum og auðkennisbrennguðum upplýsingum og þurfum hugsanlega að halda eftir tilteknum persónuupplýsingum, eins og lög kveða á um. Hafðu í huga að ef þú dregur samþykki þitt til baka hefur það áhrif á getu heilbrigðisstofnunarinnar til að fjarvakta tækið þitt og getur haft áhrif á meðferðina.

### **+Argentína**

Stofnun um aðgang að upplýsingum til almennings hefur, sem eftirlitsaðili samkvæmt lögum nr. 25.326, lögsögu yfir öllum ákærum og kvörtunum þeirra sem verða fyrir brotum á gildandi reglugerðum sem vísað er til og varða vernd persónuupplýsinga.

### **+Ástralía**

Ef þú vilt leggja fram kvörtun vegna brots á Privacy Act (persónuverndarlögum), Australian Privacy Principle (áströlsku persónuverndarreglunum, „APP“) eða persónuverndarreglum sem eiga við um okkur, eða ef þú hefur einhverjar spurningar eða vilt koma einhverju á framfæri varðandi persónuverndaryfirlýsingu okkar eða hvernig við meðhöndlum persónuupplýsingar þínar, skaltu hafa samband við okkur með því að nota upplýsingarnar hér að ofan og við munum gera viðeigandi ráðstafanir til að kanna málið og svara þér.

Ef þú ert ekki sátt(ur) við svör okkar að þessu ferli loknu geturðu sent kvörtun til skrifstofu upplýsingafulltrúans. Sjá <http://www.oaic.gov.au/privacy/privacy-complaints> til að nálgast viðeigandi kvörtunareyðublöð eða hafa samband við skrifstofu upplýsingafulltrúa.

Við erum ekki líkleg til að birta persónuupplýsingar þínar erlendis nema að því marki sem slíkt er heimilt samkvæmt lögnum *Privacy Act 1988* (Cth), nema við tilkynnum þér annað skriflega. Við munum hugsanlega flytja persónuupplýsingarnar þínar til Bandaríkjanna. Þú samþykkir slíka birtingu og samþykkir að með því að veita slíkt samþykki skuli regla 8.1 í APP ekki eiga við lengur og við þurfum því ekki að gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að viðtakandi erlendis brjóti ekki gegn APP í tengslum við þær upplýsingar.

### **+Aserbaídsjan**

**MEÐ AÐ SMELLA Á „ACCEPT“ EÐA „SAMÞYKKJA“ ERTU AÐ VEITA SAMÞYKKT ÞITT FYRIR YFIR LANDAMÆRI FÆRSLU PERSÓNUUPPLÝSINGA ÞÍNNA, ÞAR SEM HEILBRIGÐISUPPLÝSINGAR ÞÍNAR (SEM SÉRSTAKUR FLOKKUR PERSÓNUUPPLÝSINGA) Í TILGANGI SEM LÝST ER Í ÞESSARI PERSÓNUVERNDARTILKYNNINGU.**

Fyrir notendur undir 18 ára aldri verður annað foreldri eða forráðamaður að veita samþykki.

Eftir að varðveislutíminn sem ákveðinn er í **+Varðveisla persónuupplýsinga** er liðinn, verður persónuupplýsingum þínum annaðhvort eytt eða geymdar í geymslu í samræmi við og á þann hátt sem sett er í gildandi gagnaverndarlögum.

Til viðbótar við réttindi þín sem lýst er í **+Hvernig einstaklingar geta nálgast og leiðrétt persónuupplýsingar og réttindi einstaklinga**, geturðu einnig afturkallað samþykki þitt hvenær sem er eða sent skrifleg andmæli við vinnslu persónuupplýsinga þinna með því að hafa samband við heilbrigðisstofnun þína. Ef þú afturkallar samþykki þitt eða sendir fram skrifleg andmæli, verður söfnun og vinnsla persónuupplýsinga þinna stöðvuð og Abbott mun geyma auðkennisbrennlaðar/gerviauðkenndar upplýsingar. Hafðu í huga að ef þú dregur samþykki þitt til baka hefur það áhrif á getu heilbrigðisstofnunarinnar til að fjarvakta tækið þitt og getur haft áhrif á meðferðina.

### **+Barein**

Við vinnum úr persónuupplýsingum þínum í samræmi við lög nr. 30 frá 2018 um vernd persónuupplýsinga („PDPL“).

Með því að smella á „accept“ (staðfesta) eða „agree“ (samþykkja) telst þú hafa samþykkt vinnslu á persónuupplýsingum þínum að því marki sem Abbott treystir á samþykki sem lagalegan grundvöll fyrir vinnslunni samkvæmt PDPL.

Abbott er heimilt að varðveita persónuupplýsingar þínar eins lengi og nauðsynlegt er til að uppfylla tilganginn sem þeim hefur verið safnað fyrir, eins og lýst er í þessari persónuverndarstefnu, eða lengri varðveislutíma sem krafist er samkvæmt lögum.

Frekari upplýsingar um réttindi þín samkvæmt PDPL og hvernig á að nýta þau má finna með því að hafa samband við Abbott í gegnum samskiptaupplýsingarnar í **+Hafa samband**.

Þú átt rétt á að leggja fram kvörtun til persónuverndar í Barein („PDPA“) vegna vinnslu á persónuupplýsingum þínum. Hægt er að nálgast eyðublaðið fyrir kvartanir og samskiptaupplýsingar PDPA á eftirfarandi tengli: [www.pdp.gov.bh](http://www.pdp.gov.bh).

### **+Hvíta-Rússland**

Með því að smella á „accept“ (staðfesta) eða „agree“ (samþykkja) þýðir að þú veitir skýrt samþykki fyrir söfnun, vinnslu, notkun, geymslu og flutningi til þriðja aðila (eða gera aðgengilegar á annan hátt, þar með talið millifærslu yfir landamæri) á persónuupplýsingum þínum og einnig heilbrigðisupplýsingum.

### **+Bosnía og Hersegóvína og Svartfjallaland**

Ábyrgðaraðili persónuupplýsinga þinna vegna lækni-meðferðar er lækningarráðgjafi/heilbrigðisstofnunin. Abbott, í gegnum staðbundið hlutdeildarfélag, Abbott Laboratories S.A., Bul. Mihajla Pupina 115d, 11070 Novi Beograd, Serbía er ábyrgðaraðili persónuupplýsinga til að (1) veita þér þetta forrit; (2) uppfylla lagaskyldur, þ.m.t. skyldur tengdar öryggi, gæðum og úrbótum á lækningatækjum og (3) framkvæma rannsóknir eftir að persónuupplýsingarnar hafa verið auðkennisbrenslaðar, fengið gerviauðkenni, safnað saman og/eða þær gerðar nafnlausar, þannig að þær geti ekki vísað til þín með nafni. Abbott framkvæmir rannsóknir til að skilja hvernig vörur okkar og þjónusta eru notuð, til að mæla frammistöðu þeirra og skilvirkni, til að bæta framtíðarvörur og í tengslum við raunvísindarannsóknir.

### **+Brasilía**

Ef þessi persónuverndaryfirlýsing verður uppfærð og það þarf að endurnýja samþykki þitt verður þér tilkynnt það í gegnum þær samskiptaleiðir sem þú hefur látið okkur í té.

**Samþykki:** Til að hægt sé að vinna með heilsufarstengdar persónuupplýsingar um þig **þarf þú að veita Abbott yfirlýst samþykki** fyrir notkun forritanna. **Þú getur hvenær sem er afturkallað samþykki þitt** með því að hafa samband við okkur á [privacy@abbott.com](mailto:privacy@abbott.com).

**Lagagrundvöllur fyrir vinnslu á persónuupplýsingunum þínum:** Abbott vinnur úr upplýsingum þínum á grundvelli eftirfarandi lagalegra þátta, eins og fram kemur í *Lei Geral de Proteção de Dados* (LGPD):

- Samþykki fyrir vinnslu heilbrigðisupplýsinga þegar þú stofnar aðgang að forritinu í því skyni að geyma upplýsingar sem tengjast þjónustunni;
- Samþykki fyrir vinnslu heilbrigðisupplýsinga þegar þú hefur samband við þjónustuver okkar, ef nauðsyn krefur, til að við getum svarað spurningum þínum eða beiðni þinni um aðstoð, t.d. vegna úrræðaleitar eða þegar nauðsynlegt reynist að deila upplýsingum þínum með þriðju aðila vinnsluáðilum okkar til að leysa úr þjónustuvandamálum.
- Samþykki þegar þú deilir greiningar-/úrræðaleitargögnum (þ.m.t. heilsufarstengdum gögnum) með okkur úr fartæki gegnum forritið, ef nauðsyn krefur, til að gera okkur kleift að bregðast við beiðni þinni um aðstoð, t.d. við greiningu og úrræðaleit vegna frammistöðutengdra vandamála.
- Samþykki þegar þú deilir persónuupplýsingum þínum, þar á meðal heilbrigðisupplýsingum, með þriðju aðilum sem við eigum samstarf við.

- Lögmætir viðskiptahagsmunir Abbott og samþykki fyrirtækisins þegar við auðkennisbrenslum, notum gerviauðkenni og söfnum saman upplýsingum og/eða gerum upplýsingar nafnlausar til að öðlast betri skilning á notkun þinni á þjónustunni og samskiptum við hana.

**Réttindi þín:** Ef þú vilt nýta þér rétt þinn sem kemur fram í hlutanum sem heitir **+Hvernig einstaklingar geta nálgast og leiðrétt persónuupplýsingar og réttindi einstaklinga** og hafa samband við okkur með tölvupósti skaltu titla efnislínu tölvupóstsins þíns í samræmi við það (til dæmis „Beiðni um leiðréttingu“ eða „Beiðni um aðgang“ eða annan rétt eins og við á í efnislínu tölvupóstsins.) Við munum gera okkar besta til að svara öllum beiðnum tímanlega, eða í það minnsta í samræmi við gildandi lagakröfur. Þú hefur heimild til að leggja fram kvörtun til gagnaverndaryfirvalda á staðnum ef þú ert ósátt(ur) við vinnslu Abbott á persónuupplýsingunum þínum.

### **+Kanada**

MEÐ ÞVÍ AÐ FÁ AÐGANG AÐ EÐA NOTA FORRITIÐ OG ÞJÓNUSTUNA GEFUR ÞÚ TIL KYNNA AÐ ÞÚ HAFIR LESIÐ, SKILIÐ, OG SAMÞYKKIR SÖFNUN OKKAR, GEYMSLU, NOTKUN OG BIRTINGU Á PERSÓNUUPPLÝSINGUM ÞÍNUM, ÞAR Á MEÐAL PERSÓNULEGUM HEILBRIGÐISUPPLÝSINGUM, EINS OG LÝST ER Í ÞESSARI PERSÓNUVERNDARTILKYNNINGU.

Þú viðurkennir og skilur að margir af þjónustuaðilum okkar, viðskiptafélögum og hlutdeildarfélögum starfa utan Kanada. Með því að nota forritið og þjónustuna samþykkir þú að persónuupplýsingar þínar, þar á meðal persónulegar heilbrigðisupplýsingar, kunna að vera geymdar, unnar eða fluttar til annarra landa (þar á meðal Bandaríkjanna þar sem við höfum höfuðstöðvar) sem tryggir hugsanlega ekki sama verndarstig persónuupplýsinga og lögsagnarumdæmið þar sem þú hefur búsetu. Persónuupplýsingar þínar munu falla undir staðbundin lög í lögsögunni þar sem þær eru fluttar og við ákveðnar aðstæður gætu önnur erlend stjórnvöld, dómstólar, löggæslustofnanir eða eftirlitsstofnanir átt rétt á aðgangi að persónuupplýsingunum þínum.

Við höfum til staðar viðeigandi efnislegar, tæknilegar og skipulagslegar öryggisráðstafanir, þar á meðal aðgangsstýringar til að vernda persónuupplýsingar gegn tapi, þjófnaði og óheimilum aðgangi, notkun og birtingu. Þrátt fyrir þær öryggisráðstafanir sem við notum og skuldbindingu okkar til að vernda persónuupplýsingar, getum við ekki ábyrgst öryggi eða villulausa sendingu eða geymslu persónuupplýsinga. Það eru áhættur sem felast í notkun rafrænna aðferða til að senda og geyma upplýsingar á rafrænu formi. Öll miðlun upplýsinga er á þína eigin ábyrgð.

Við kunnum að varðveita persónuupplýsingar þínar eins lengi og nauðsynlegt er til að uppfylla tilganginn sem þeim hefur verið safnað fyrir, eins og lýst er í þessari persónuverndartilkynningu, eða lengri varðveislutíma sem krafist er samkvæmt lögum.

Athugaðu að ef þú nýtir tiltekin réttindi þín sem sett eru fram í kaflanum **+Hvernig einstaklingar geta nálgast og leiðrétt persónuupplýsingar og réttindi einstaklinga**, þar með talið að afturkalla samþykki þitt, gæti það takmarkað möguleika okkar til að veita þér tiltekna þjónustu.

Allar breytingar sem við gerum á þessari persónuverndartilkynningu munu taka gildi þegar við gerum breytta útgáfu af persónuverndartilkynningunni aðgengilega í forritinu. Áframhaldandi notkun þín á forritinu og/eða þjónustunni í kjölfar slíkra breytinga felur í sér að þú samþykkir að fylgja og vera bundinn af nýjustu útgáfu þessarar persónuverndartilkynningar.

### **+Evrópska efnahagssvæðið, Bretland, Cayman-eyjar, Sviss og Taíland**

Við vinnum úr persónuupplýsingunum þínum sem vinnsluaðili þegar við veitum lækni þínum eða heilbrigðisstofnun þjónustu og höfum hugsanlega aðgang að heilsufarsgögnunum þínum, í þeim tilgangi að veita læknum þínum eða heilbrigðisstofnuninni tæknilega aðstoð og þjónustu við viðskiptavini.

Lagagrundvöllur fyrir vinnslu á persónuupplýsingunum þínum: Abbott vinnur úr persónuupplýsingum þínum, þar á meðal heilbrigðisupplýsingum, sem ábyrgðaraðili gagna á eftirfarandi lagagrundvelli, eins og fram kemur í almennu gagnaverndarreglugerðinni (GDPR):

- að því marki sem nauðsynlegt er til að aðstoða heilbrigðisstofnunina þína við sjúkdómsgreiningu, samkvæmt samningi okkar við stofnunina og eftir því sem nauðsynlegt er til að framfylgja samningi um að útvega þér forritið í samræmi við leyfissamning notanda;
- með samþykki þínu og, að því marki sem nauðsynlegt er til að framfylgja samningi (leyfissamningi notanda), til að halda skrá yfir samskipti þín við Abbott þegar þú hefur beint samband við okkur; og
- að því marki sem nauðsynlegt er til að veita heilbrigðisstofnun þinni þjónustuna í samræmi við samning okkar við stofnunina, þ.m.t. aðstoð við viðskiptavinum;
- að því marki sem nauðsynlegt er til að veita heilbrigðisstofnun þinni þjónustuna í samræmi við samning okkar við stofnunina og af ástæðum sem varða almannahagsmunum á sviði lýðheilsu og kveðið er á um í lögum ESB eða landsbundnum lögum um notkun og flokkun lækningatækja, þ.m.t. vegna eftirlits með lækningatækjum eftir markaðssetningu, gæðastjórnunar, þ.m.t. vörubrúnar og umbóta, öryggis, árangurs og árvekni;
- að því marki sem nauðsynlegt er til að koma á fót, beita eða verjast dómsmálum og;
- að öðru leyti svo sem nauðsynlegt er vegna verulegra almannahagsmuna, sem krafist er samkvæmt gildandi lögum.

Þegar heilbrigðisstofnunin bjó til notandasnið þitt sem sjúklings í Merlin.net veittir þú skýrt samþykki þitt fyrir því að Abbott auðkennisbrennlaði, notaði gerviauðkenni eða safnaði saman persónuupplýsingunum þínum og/eða gerði þær nafnlausar í rannsóknaskyni, þar á meðal flutning þeirra til Abbott í Bandaríkjunum, til að stunda rannsóknir. Við framkvæmum rannsóknir þar sem við notum þess konar auðkennisbrennlaði gögn eða gögn með gerviauðkenni, eða uppsöfnuð, tölfraðileg og/eða nafnlaus gögn í eftirfarandi tilgangi:

- í þágu almannahagsmuna á sviði lýðheilsu með því að auka gæði, öryggi og virkni hjartameðferðar- og lækningatækja okkar og -kerfa og greiða fyrir þróun hugvittsamlegra og skilvirkra meðferða á hjartakvillum, í þágu almannaheilla;
- til að sinna rannsóknum, til að safna og greina tölfraðileg gögn og til að senda rannsóknaraðilum á vegum þriðju aðila, heilbrigðisstofnunum eða heilbrigðisstarfsmönnum eða lýðheilsuyfirvöldum;
- til að gæta lögmætra viðskiptahagsmuna Abbott með því að meta skilvirkni þjónustunnar og hvernig hún er veitt og notuð;
- til að gæta lögmætra viðskiptahagsmuna Abbott með því að staðfesta virkni og uppfærslur þjónustunnar, þ.m.t. að fylgjast með og bæta öryggi og áreiðanleika slíkrar þjónustu;
- til að rannsaka, þróa og prófa tæki, þ.m.t. nýja og núverandi eiginleika og virkni og til að prófa og bæta þjónustuna og tæki með hliðsjón af vörubrún, gagnagreiningu, tölfraðigreiningu og notendakönnunum; og
- vegna almannahagsmuna á sviði lýðheilsu, þ.m.t. þegar þjónustan og tækin eru endurgreiðsluhæf eða falla að öðru leyti undir almannatryggingar, sjúkratryggingar eða aðrar opinberar fjárveitingar.

Frekari upplýsingar er að finna í kaflanum **+Rannsóknir**.

Við vinnum einnig úr persónuupplýsingum þínum sem vinnsluáðili og gerum það fyrir hönd þinnar heilbrigðisstofnunar. Heilbrigðisstofnunin vinnur úr persónuupplýsingum þínum á eftirfarandi lagagrundvelli samkvæmt lögum Evrópusambandsins eða landslögum:

- til að veita læknishjálp, þar á meðal áframhaldandi lækni meðferð, með því að fylgjast með tækinu þínu og ástandi þínu til að auðvelda stofnuninni að veita þér læknishjálp;
- til að veita Abbott aðgang að persónuupplýsingunum þínum, í því skyni að veita tæknilega aðstoð vegna þjónustunnar, þ.m.t. tæknilega og klínísku aðstoð, svo sem aðstoð við villukembingu, uppfærslur eða úrræðaleit fyrir þjónustuna eða túlkun gagna; og
- þar sem annars er krafist samkvæmt lögum Evrópusambandsins eða landslögum.

„GDPR“ vísar til almennu gagnaverndarreglugerðarinnar (2016/679) um framkvæmd löggjafar ESB, og varðandi Bretland er vísað til UK Data Protection Act 2018, með áorðnum breytingum á reglugerðunum hverju sinni. Í þeim tilvikum þegar land utan Evrópusambandsins er tilgreint hefur það verið gert vegna þess að viðkomandi lönd hafa sett sér lög sem eru að verulegu leyti svipuð eða nánast sambærileg lög við GDPR.

Gagnaflutningur: Upplýsingar sem safnað er í gegnum þjónustuna verða fluttar til og geymdar í Bandaríkjunum. Ef þú óskar eftir tæknilegum stuðningi verða persónuupplýsingarnar þínar (þ.m.t. heilsufarstengd gögn) aðeins aðgengilegar fjarþjónustuaðilum okkar í Bandaríkjunum eða Svíþjóð. Flutningur á persónuupplýsingum fer fram á grundvelli staðlaðra samningsákvæða ESB.

Ef þú býrð í EES, Sviss eða Bretlandi, munu heilbrigðisstofnun þín og Abbott hafa samþykkt stöðluð samningsákvæði framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, og fyrir Bretland, viðauka í Bretlandi fyrir alþjóðlega flutninga.

Ef þú hefur beint samband við okkur og óskar eftir tæknilegum stuðningi verða persónuupplýsingarnar þínar (þ.m.t. heilsufarstengd gögn) hugsanlega aðgengilegar fjarþjónustuaðilum okkar í Bandaríkjunum eða Svíþjóð. Alþjóðlegur gagnaflutningi innan fyrirtækis Abbott er stjórnað af gagnaflutningssamningi sem felur í sér samþykkt stöðluð samningsákvæði Evrópusambandsins sem veita fullnægjandi verndarráðstafanir til að vernda persónuupplýsingar sem fluttar eru utan EES, Sviss og Bretlands. Sjá **+Gagnageymsla**

Abbott flytur einnig persónuupplýsingar þínar, sem „ábyrgðaraðili“, eins og nauðsynlegt er til að Abbott uppfylli lagalegar kröfur þess, svo sem þær sem tengjast gæðum og öryggi lækningatækja eða endurgreiðslu eða greiðslu læknskostnaðar, eins og lýst er í **+Lækningatæki og önnur lagaskilyrði**, eða, þar sem þess er krafist samkvæmt lögum, með fyrirvara um skýrt samþykki þitt, svo sem til að framkvæma rannsóknir, eins og lýst er í **+Rannsóknir**.

Tilvísanir í „ábyrgðaraðili“ og „vinnsluaðila“ eru byggðar á skilgreiningum þeirra í GDPR, UK Data Protection Act 2018 og svissnesku alríkislögunum um gagnavernd frá 25. september 2020, að meðtöldum hugsanlegum breytingum.

Gagnaverndarfulltrúi: Finna má samskiptaupplýsingar um evrópskan gagnaverndarfulltrúa okkar, ásamt öðrum gagnlegum samskiptaupplýsingum, á [www.eu-dpo@abbott.com](mailto:www.eu-dpo@abbott.com).

Réttindi þín: Ef þú vilt nýta þér rétt þinn sem kemur fram í hlutanum sem heitir **+Hvernig einstaklingar geta nálgast og leiðrétt persónuupplýsingar og réttindi einstaklinga** og hafa samband við okkur með tölvupósti skaltu titla efnislínu tölvupóstsins þíns í samræmi við það (til dæmis „Beiðni um leiðréttingu“ eða „Beiðni um aðgang“ eða annan rétt eins og við á í efnislínu tölvupóstsins.) Við munum gera okkar besta til að svara öllum beiðnum tímanlega, eða í það minnsta í samræmi við gildandi lagakröfur. Þú hefur heimild til að leggja fram kvörtun til gagnaverndaryfirvalda á staðnum ef þú ert ósátt(ur) við vinnslu Abbott á persónuupplýsingunum þínum.

**Viðbótarupplýsingar fyrir notendur í Frakklandi:** Auk ákvæðanna í þessum kafla gilda sérstök skilyrði fyrir Frakkland.

- **Hýsing heilbrigðisupplýsinga: persónuupplýsingarnar þínar verða eingöngu hýstar á öruggum þjónum á Írlandi, sem** er aðildarríki ESB, og þær verða ekki fluttar til Bandaríkjanna nema það sé algjörlega nauðsynlegt. Þjónarnir sem hýsa heilbrigðisupplýsingarnar eru með vottorð („HDS“) í hýsingu sjúkraupplýsinga í samræmi við ákvæði franskra heilbrigðisлага.
- **Samvirkni og öryggi:** Abbott er skuldbundið til að fylgja kröfum frönsku stofnunarinnar um stafrænar heilbrigðisupplýsingar („ANS“) um samvirkni og öryggi, ásamt breytingum sem kunna að vera gerðar af og til. Í þessu felst fylgni við kröfur um innlent auðkenni til að hægt sé að bera heilbrigðisupplýsingar saman við innlent auðkenni („INS“) á Merlin.net. Síðan getum við safnað upplýsingum frá INS, til dæmis kyni og fæðingarstað, ef þú ert með búsetu í Frakklandi. Í þessu felst einnig fylgni við kröfur um flytjanleika gagna þannig að Merlin.net leyfir útflutning á heilbrigðisupplýsingum þínum.

**+Innland hlutdeildarfélag Abbott í EES og Sviss**

Land	Nafn	Heimilisfang
Austurríki, Rúmenía	Abbott Medical Austria Ges.m.b.H.	Perfektastraße 84A 1230 Wien, Austurríki
Belgía, Lúxemborg	Abbott Medical Belgium	Corporate Village, Building Figueras, Da Vinci laan, 11 Box F1, Zaventem, Belgía
Búlgaríá, Króatía, Kýpur, Tékkland, Ísland, Lettland, Malta, Slóvakía, Slóvenía	St. Jude Medical Coordination Center	Corporate Village, Building Figueras, Da Vinci laan, 11 Box F1, Zaventem, Belgía
Danmörk	Abbott Medical Danmark A/S	Produktionsvej 14, 2600 Glostrup, Danmörk
Eistland	Abbott Medical Estonia OÜ	Mõisa 4/Vabaõhumuuseumi tee 3, 13522, Tallinn, Eistland
Finnland	Abbott Medical Finland Oy	Abbott Medical Finland Oy Karvaamokuja 2 00380 Helsinki Finnland
Frakkland	Abbott Medical France SAS	1-3, esplanade du Foncet, CS 90087, 92442 Issy les Moulinaux Cedex, Frakkland
Þýskaland	Abbott Medical GmbH	Helfmann-Park 7, 65760 Eschborn, Þýskaland
Grikkland	Abbott Medical Hellas Limited Liability Trading Company (viðskiptaheiti: Abbott Medical (Hellas Ltd.) Á grísku: Άμποτ Ιατρικά Ελλάς Εμπορική Εταιρεία Περιορισμένης Ευθύνης og viðskipta heiti Άμποτ Ιατρικά Ελλάς Ε.Π.Ε	Iroos Matsi & Archaeou Theatrou Str., 17456 Alimos-Athens, Grikkland
Ungverjaland	Abbott Medical Korlátolt Felelősség á Társaság (Stytt heiti: Abbott Medical Kft.)	Tóth Lőrinc utca 41. II. em., Budapest, 1126, Ungverjaland
Írland	Abbott Medical Ireland Limited	Riverside One, Sir John Rogerson's Quay, Dublin 2 D02X576, Írland
Ítalía	Abbott Medical Italia S.p.A.	Sesto San Giovanni, Milano, Viale Thomas Alva, Edison 110 CAP 20099, Ítalía
Litháen	UAB Abbott Medical Lithuania	Seimyniskiu str. 3, LT-09312 Vilnius, Litháen
Holland	Abbott Medical Nederland B.V.	Standaardruiter 13, 3905 PT Veenendaal, Holland
Noregur	Abbott Medical Norway AS	Gullhaugveien 7, Oslo, 0484, Noregur
Pólland	Abbott Medical spółka z ograniczoną odpowiedzialnością.	ul. Postepu 21B, 02-676, Warsaw, Pólland
Portúgal	Abbott Medical (Portugal) – Distribuicao de Produtos Medicos, Lda.	Estrada de Alfragide 67, Alfragide Edificio D, Amadora, Portúgal
Spánn	Abbott Medical España, S.A.	Avda. de Burgos 91 Edificio 4, planta 0

Land	Nafn	Heimilisfang
		28050, Madrid Spánn
Svíþjóð	Abbott Medical Sweden AB	Isafjordsgatan 15, 164 07 Kista, Svíþjóð (skrifstofa fyrirtækis) Jarfalla, PO Box 7051, 164 07 Kista, Stockholm, Svíþjóð (skráð skrifstofa)
Sviss	Abbott A.G.	Neuhofstrasse 23, Neuhofstrasse 23, CH-6341 Baar/Zug

### **+Egyptaland**

Þú átt rétt á að fá tilkynningu um hvers kyns gagnabrot á persónuupplýsingum þínum innan þriggja virkra daga frá því að við tilkynntum Persónuvernd um slíkt brot. Þú hefur rétt til að nýta réttindi þín í samræmi við persónuverndarlög með skriflegri tilkynningu til okkar og okkur ber skylda til að svara beiðni þinni innan sex virkra daga. Ef ekki tekst að vernda persónuupplýsingar þínar eða ef við neitum að virða lagaleg réttindi þín með tilliti til persónuupplýsinga þinna eða ef þú ert ósáttur við viðbrögð okkar við beiðni þinni, hefur þú rétt til að leggja fram kvörtun hjá Persónuvernd.

### **+Hong Kong**

Við erum staðráðin í að vernda friðhelgi, trúnað og öryggi þeirra persónuupplýsinga sem við höfum með því að fara að kröfum persónuupplýsinga (persónuverndar) reglugerðarinnar (Cap. 486 í lögum Hong Kong) („PDPO“) að því er varðar stjórnun persónuupplýsinga.

Börn og geðfatlaðir einstaklingar geta verið skráð á Merlin.net af heilbrigðisstofnun. Foreldri/forráðamaður getur hvenær sem er stöðvað söfnun persónuupplýsinga barns eða persónuupplýsinga fatlaðs einstaklings, þar á meðal heilbrigðisupplýsinga, með því að hafa samband við heilbrigðisstofnunina og óska eftir því að reikningnum verði eytt. Þessi aðgerð mun eyða reikningi á Merlin.net sem tengist barninu eða geðfötluðum einstaklingi, en við munum geyma uppsafnaðar og auðkennisbrenslaðar upplýsingar og gætum þurft að geyma persónulegar upplýsingar í samræmi við ákvæði í lögum.

Börn og geðfatlaðir einstaklingar geta einnig átt rétt á að fá aðgang að þeim persónuupplýsingum sem eru geymdar um þau. Þegar við fáum beiðni um aðgang að persónuupplýsingum barns eða geðfatlaðs einstaklings frá foreldri/forráðamanni þess, þá getum við, með fyrirvara um gildandi lög, svarað foreldri/forráðamanni beint eða að þeir hafi samband við lækni eða heilbrigðisstofnun barnsins eða geðfatlaða einstaklingsins. Við munum leitast við að sannreyna auðkenni einstaklings sem leitar aðgangs að upplýsingum barns eða geðfatlaðs einstaklings, hvort sem það er frá barninu eða geðfötluðum einstaklingi sjálfum eða frá foreldri eða forráðamanni.

Þar sem við gerum rannsóknir eins og sett er fram í þessari persónuverndaryfirlýsingu og höfum auðkennisbrenslað, gefið gerviauðkenni, dulnefnt, safnað saman og/eða gert nafnlausar persónuupplýsingar þínar frá Merlin.net, munum við ekki reyna að endurgreina einstaklinga út frá nafnlausum gögnum eða nota upplýsingar einstaklinga, jafnvel þótt endurauðkenning sé möguleg.

Þú samþykkir að við megum deila, birta og flytja persónuupplýsingar þínar til slíkra þriðju aðila eins og fram kemur í og í samræmi við ákvæði þessarar persónuverndaryfirlýsingar. Nema eins og kveðið er á um í þessari persónuverndaryfirlýsingu, verða persónuupplýsingar þínar ekki birtar öðrum aðilum nema með frjálsum og yfirlýstu samþykki þínu. Þar sem við ætlum að nota persónuupplýsingar þínar í beinni markaðssetningu munum við uppfylla tilkynningakröfurnar samkvæmt PDPO og fá samþykki eða vísbendingu um mótmæli frá þér áður en við notum persónuupplýsingar þínar í slíkum tilgangi. Þú hefur val um að láta eyða persónulegum gögnum þínum í okkar vörslu og tjá val þitt um að deila ekki eða flytja persónuupplýsingarnar.

Þú átt rétt á að biðja um aðgang að (gegn gjaldi þar sem við á) og leiðréttingu á persónuupplýsingum þínum í okkar varðveislu. Ef þú vilt gera það, hafðu þá samband við persónuverndarfulltrúa okkar í samræmi við hlutann sem ber yfirskriftina **+Hafa samband** hér.

Þú átt einnig rétt á að leggja fram kvörtun vegna athafna eða starfsemi sem tengjast persónuupplýsingum þínum til skrifstofu persónuverndarfulltrúa.

Ekkert hér felur í sér skráningu þína í rafræna sjúkraskrársamnýtingarkerfið („EHRSS“) og við berum enga ábyrgð samkvæmt reglugerð um rafræna sjúkraskráarmiðlun (Cap. 625 í lögum Hong Kong) eða á annan hátt í tengslum við EHRSS.

### **+Indland**

Abbott hefur innleitt sanngjarnar öryggisvenjur sem eru í samræmi við þá staðla sem krafist er samkvæmt gildandi lögum.

Samþykki þitt er nauðsynlegt fyrir Abbott til að safna, vinna, nota og geyma viðkvæmar persónuupplýsingar þínar, þar með taldar heilbrigðisupplýsingar, og til að flytja viðkvæmar persónuupplýsingar þínar til þriðja aðila. Abbott kann að deila viðkvæmum persónuupplýsingum þínum með þriðja aðila svo sem heilsufarsgögnum þínum. Að auki munum við tryggja að slíkur þriðji aðili muni veita viðkvæmum persónuupplýsingum þínum sömu eða betri gagnavernd. Með því að staðfesta eða samþykkja þessa persónuverndartilkynningu veitir þú hér með samþykki þitt fyrir vinnslu persónuupplýsinga þinna, þar á meðal viðkvæmra persónuupplýsinga, eins og lýst er hér. Þú getur afturkallað samþykki þitt hvenær sem er með því að hafa samband við fulltrúa kvörtunarúrbóta á [privacy@abbott.com](mailto:privacy@abbott.com).

Hafðu í huga að ef þú dregur samþykki þitt til baka getur það haft áhrif á getu heilbrigðisstofnunarinnar til að fjarvakta tækið þitt og getur haft áhrif á meðferðina. Ef þú dregur samþykki þitt til baka mun Abbott geyma uppsafnaðar og auðkennisbrenslaðar upplýsingar og gæti þurft að geyma tilteknar persónuupplýsingar eins og lög kveða á um. Þú hefur rétt á að skoða upplýsingar sem þú hefur veitt til að tryggja að þær séu ekki ónákvæmar eða ábótavant. Viðkvæmum persónuupplýsingum þínum yrði aðeins safnað ef það er nauðsynlegt til að ná þeim tilgangi sem sérstaklega er getið um í þessari persónuverndartilkynningu.

+Ísrael

ALLAR PERSÓNUUPPLÝSINGAR SEM ÞÚ VEITIR ERU GEFNAR AF FÚSUM OG FRJÁLDSUM VILJA OG ÞÚ VIÐURKENNIR AÐ ÞÉR BER ENGIN LAGALEG SKYLDA TIL AÐ VEITA ABBOTT PERSÓNUUPPLÝSINGAR.

Sum réttindi sem lýst er í kaflanum **+Hvernig einstaklingar geta nálgast og leiðrétt persónuupplýsingar og réttindi einstaklinga** geta gilt um persónuupplýsingar þínar.

### **+Japan**

Abbott fer eftir lögum um vernd persónuupplýsinga („APPI“) við meðferð persónuupplýsinga.

Tilvísanir í þessari persónuverndarstefnu til „barna“ fela einnig í sér „aðila með takmarkað löghæfi“.

Hugtökin „Gerviauðkenning (auðkennisbrenslun) upplýsinga“ og „nafnlausar upplýsingar“ í þessari persónuverndaryfirlýsingu eru frábrugðin slíkum hugtökum eins og þau eru skilgreind og vernduð samkvæmt APPI. Hins vegar munum við gæta öryggis beggja gagnategundanna og munum ekki vinna úr þeim án lagalegrar skyldu eða þíns samþykkis.

Að því er varðar kaflann **+Birting okkar á persónuupplýsingum**, ef við afhendum þriðja aðila persónuupplýsingar, munum við hafa eftirlit með þeim þriðja aðila til að tryggja að persónuupplýsingarnar séu öruggar.

Samþykki þitt er nauðsynlegt til að Abbott geti meðhöndlað „persónuupplýsingar sem þarfnast sérstakrar umönnunar“ (sem vísað er til í þessari persónuverndaryfirlýsingu sem heilbrigðisupplýsingar þínar) og til að flytja persónuupplýsingar þínar, þar á meðal heilbrigðisupplýsingar, til þriðja aðila utan

Japan (að undanskildum ESB, sem er tilnefnt af Persónuverndarnefnd Japan („PPC“) sem land með verndarkerfi á sama stigi og Japan.). Með því að staðfesta eða samþykkja þessa persónuverndaryfirlýsingu telst þú hafa samþykkt vinnslu á persónuupplýsingunum þínum, þ.m.t. heilbrigðisupplýsingum, eins og lýst er hér. Þú getur afturkallað samþykki þitt hvenær sem er með því að hafa samband við þína heilbrigðisstofnun. Hafðu í huga að ef þú dregur samþykki þitt til baka hefur það áhrif á getu heilbrigðisstofnunarinnar til að fjarvakta tækið þitt og getur haft áhrif á meðferðina. Ef þú dregur samþykki þitt til baka mun Abbott geyma uppsafnaðar og auðkennisbrenглаðar upplýsingar og gæti þurft að geyma tilteknar persónuupplýsingar eins og lög kveða á um.

Þú hefur rétt til að leggja fram kvörtun til PPC vegna meðferðar á persónuupplýsingum þínum.

### **+Jórdanía**

Þú þarft að veita skriflegt samþykki þitt fyrir því að Abbott vinni úr persónuupplýsingunum þínum nema þegar við gerum það til að fara að lagaskyldu eins og lýst er í +Lækningatæki og önnur lagaskilyrði. Með því að samþykkja skilmála þessarar persónuverndaryfirlýsingar telstu hafa samþykkt vinnslu á persónuupplýsingunum þínum eins og lýst er hér. Ef þú vilt eyða reikningnum þínum á Merlin.net geturðu gert það með því að hafa samband við heilbrigðisstofnunina. Hafðu í huga að ef þú eyðir aðgangi þínum munum við halda eftir uppsöfnuðum og auðkennisbrenглаðum upplýsingum og þurfum hugsanlega að halda eftir tilteknum persónuupplýsingum, eins og lög kveða á um. Engar aðgerðir Abbott munu brjóta í bága við gildandi löggjöf í Jórdaníu. Allar aðgerðir verða í samræmi við fjarskiptalög nr. (13) frá árinu 1995, lög um persónuvernd nr. 24 frá 2023, IoT reglugerðir frá 2023 og allar viðeigandi reglugerðir og/eða fyrirmæli sem Framkvæmdastjórn fjarskiptaefirlitsins (TRC), eða önnur lögbær yfirvöld hafa gefið út í fortíðinni eða mun gefa út í framtíðinni.

Þú staðfestir og samþykkir að veita Abbott, nákvæmar, réttar og nýjustu upplýsingar. Ef þörf er á að breyta eða uppfæra upplýsingar sem búið er að veita, ber þér áframhaldandi skylda til að upplýsa Abbott strax um slíkar breytingar og að skilja mikilvægi þessarar skyldu fyrir gæði og skilvirkni þjónustunnar sem er veitt. Ef þessi skylda er ekki uppfyllt getur það haft áhrif á nákvæmni og skilvirkni þjónustu frá Abbott og þú viðurkennir og samþykkir afleiðingarnar sem geta komið upp vegna ónákvæmra eða úreltra upplýsinga.

**Þú átt rétt á að fá skriflegt vottorð um að upplýsingarnar þínar séu verndaðar í samræmi við reglugerðir laga um persónuvernd nr. 24 frá 2023.** Þú ert einnig með eftirfarandi réttindi í Jórdaníu:

- Vitund um, aðgang og endurheimt persónuupplýsinga sem við varðveitum.
- Afturköllun samþykkis.
- Leiðréttingu, breytingu, viðbót eða uppfærslu á persónuupplýsingum.
- Takmörkun á vinnslu innan tiltekins sviðs.
- Eyðingu eða leynd persónuupplýsinga.
- Andmæli gegn vinnslu og greiningu ef það telst óþarfi fyrir tilganginn sem persónuupplýsingunum var safnað, óhóflegt hvað varðar kröfur, óréttlátt, ósanngjarnt eða brot á lögum.
- Flutning á eintaki af gögnum frá einum ábyrgðaraðila gagna til annars.
- Upplýsingar og tilkynningar um öll brot eða hættu fyrir öryggi og heilleika persónuupplýsinga.

### **+Kasakstan**

**EF ÞÚ SMELLIR Á ACCEPT“ (STAÐFESTA) EÐA „AGREE“ (SAMÞYKKJA) ÞÝÐIR ÞAÐ AÐ ÞÚ SAMÞYKKIR SÖFNUN OG VINNSLU PERSÓNUUPPLÝSINGA ÞINNA, ÞAR Á MEÐAL HEILBRIGÐISUPPLÝSINGAR. „VINNSLA PERSÓNUUPPLÝSINGA“ ÞÝÐIR AÐGERÐIR TIL AÐ SAFNA SAMAN, GEYMA, BREYTA, NOTA, DREIFA, GERA NAFNLAUSAR, LOKA Á OG EYÐA PERSÓNUUPPLÝSINGUM. NÁNAR TILTEKIÐ GILDIR SAMÞYKKI ÞITT UM FLUTNING PERSÓNUUPPLÝSINGA ÞINNA Á MILLI LANDAMÆRA, EINNIG SJÚKRAUPPLÝSINGA, TIL BANDARÍKJANNA, SVÍÞJÓÐAR (EÐA ANNARRA STAÐA Í EVRÓPU), KOSTARÍKA, OG/EÐA MALASÍU, ÁSAMT TIL ANNARRA LANDA SAMKVÆMT ÁKVÖRÐUN ABBOTT OG SAMÞYKKI UM FLUTNING OG AÐGANG ÞRÍÐJU AÐILA AÐ PERSÓNUUPPLÝSINGUM ÞÍNUM, EINNIG HEILBRIGÐISUPPLÝSINGUM. SAMÞYKKI ÞITT MUN GILDA UM SÖFNUN OG VINNSLU PERSÓNUUPPLÝSINGA ÞINNA Í SAMRÆMI VIÐ SKILYRÐIN Í ÞESSARI PERSÓNUVERNDARYFIRLÝSINGU (ÞAR Á MEÐAL LISTINN YFIR PERSÓNUUPPLÝSINGAR**

## **,SKILMÁLAR UM SÖFNUN OG VINNSLU, SKILYRÐI FYRIR DREIFINGU PERSÓNUUPPLÝSINGA OG AÐRIR SKILMÁLAR Í ÞESSARI PERSÓNUVERNDARYFIRLÝSINGU).**

Athugið að söfnun, vinnsla persónuupplýsinga þinna gæti verið án samþykkis þíns í málum sem sett eru í lögum Kasakstan, þar á meðal í tilfellum um framkvæmd alþjóðlegra sáttmála sem hafa verið fullgiltir af Lýðveldinu Kasakstan.

### **+Malasía**

**Almennt:** Ef lög um persónuvernd í Malasíu 2010 og/eða allar reglugerðir, reglur, staðlar og/eða lagakröfur sem gerðar eru samkvæmt eða gefin út samkvæmt malasískum persónuverndarlögum 2010 („**Malasísk gagnaverndarlög**“) eiga við, skal þessi hluti eiga við um vinnslu Abbott á persónuupplýsingum þínum.

**Samþykki.** Þessi persónuverndaryfirlýsing er gerð til að upplýsa þig um að persónuupplýsingar þínar séu í vinnslu hjá Abbott eða fyrir hönd Abbott og þú gefur hér með samþykki þitt fyrir vinnslu persónuupplýsinga þinna í samræmi við þessa persónuverndaryfirlýsingu, þar með talið að flytja persónuupplýsingar þínar á stað utan Malasíu. Með því að smella á „accept“ (staðfesta) eða „agree“ (samþykkja) hnappinn eða merkja við „accept“ (staðfesta) eða „agree“ (samþykkja) gátreitinn veitir þú skýrt samþykki fyrir vinnslu persónuupplýsinga þinna, þar á meðal heilbrigðisupplýsinga í þeim tilgangi sem tilgreindur er í þessari persónuverndaryfirlýsingu ásamt þessum hluta að því marki sem malasísk gagnaverndarlög eiga við.

**Gagnaaðgangur og leiðréttingarbeiðnir.** Þú hefur rétt til að biðja um aðgang að og til að biðja um leiðréttingu á persónuupplýsingum þínum með fyrirvara um eftirfarandi og háð ákvæðum malasískra gagnaverndarlaga: (a) þú getur, gegn greiðslu tilskilins gjalds (ef við á), lagt fram beiðni um aðgang að gögnum eða beiðni um gagnaleiðréttingu skriflega til okkar; og (b) við getum neitað að verða við beiðni þinni um aðgang að gögnum eða beiðni um gagnaleiðréttingu og munum, með skriflegri tilkynningu, upplýsa þig um synjun okkar og ástæður synjunar okkar.

**Takmörkun á vinnslu persónuupplýsinga.** Þú getur, með því að veita okkur skriflega tilkynningu, takmarkað vinnslu persónuupplýsinga þinna (þar á meðal að biðja okkur um að hætta eða hefja ekki vinnslu persónuupplýsinga þinna í tilgangi beinnar markaðssetningar). Þú hefur rétt á að afturkalla samþykki þitt sem áður hefur verið veitt okkur (að öllu leyti eða að hluta) með því að veita okkur skriflega tilkynningu og við móttöku slíkrar tilkynningar munum við hætta vinnslu persónuupplýsinganna. Ef þú takmarkar vinnsluna eða afturkallar samþykki þitt fyrir einhverri eða allri notkun persónuupplýsinga þinna, getum við huganlega ekki haft áfram umsjón með neinu fyrirkomulagi eða samningsbundnu sambandi, sem aftur getur leitt til: (i) að við getum ekki (haldið áfram að) vinna úr persónuupplýsingunum þínum í einhverjum þeim tilgangi sem kveðið er á um í þessari persónuverndaryfirlýsingu eða veitt þér þjónustu/vöru okkar; (ii) ófær um að (halda áfram að) framfylgja samningsbundnum skuldbindingum okkar gagnvart þér (ef einhverjar eru); og/eða (iii) uppsagnar á fyrirkomulagi/samkomulagi/samningum sem þú hefur við okkur, án nokkurrar ábyrgðar af okkar hálfu. Það mun einnig hafa áhrif á getu heilbrigðisstofnunar þinnar til að hafa fjareftirlit með tækinu þínu og getur haft áhrif á meðferð þína.

**Útgáfur og ágreiningur.** Ef ósamræmi er á milli ensku útgáfunnar og Bahasa Malaysia útgáfu þessarar tilkynningar, skal enska útgáfan gilda yfir Bahasa Malaysia útgáfunni.

Að því er varðar kaflann **+Lækningatæki og önnur lagaskilyrði** hér að ofan, verður samþykki ekki krafist, aðeins að því marki sem malasísk gagnaverndarlög leyfa.

Að því er varðar kaflann **+Breytingar á þessari persónuverndaryfirlýsingu** hér að ofan, að því marki sem breytingar krefjast þess að fá nýtt samþykki samkvæmt malasískum gagnaverndarlögum (þ.e.a.s. viðbót við flokk þriðju aðila sem við kunnum að birta persónuupplýsingar þínar til), munum við afla samþykkis frá þér varðandi slíkar breytingar.

### **+Máritíus**

Þú hefur rétt til að leggja fram kvörtun til Persónuverndar vegna vinnslu persónuupplýsinga þinna með því að senda tölvupóst á [dpo@govmu.org](mailto:dpo@govmu.org).

## **+ Mónakó**

Auk ákvæðanna í kaflanum „Evrópska efnahagssvæðið, Bretland, Cayman-eyjar, Sviss og Taíland“ gilda sérstök ákvæði fyrir Mónakó.

Ef þú samþykkir ekki eða velur að veita ekki persónulegar upplýsingar þínar gætum við ekki veitt þér þjónustu eða aðeins takmarkaða þjónustu.

Ef þú vilt leggja fram kvörtun áttu rétt á að gera það hjá gagnaverndarfulltrúa Mónakó (CCIN), 11 rued du Gabian, 98000 í Mónakó.

## **+Mongólía**

Fyrir notendur undir 18 ára aldri verður foreldri eða forráðamaður að veita samþykki.

Með því að staðfesta eða samþykkja þessa persónuverndartilkynningu ert þú að veita skýrt samþykki fyrir söfnun, vinnslu, notkun, geymslu og flutningi til þriðja aðila (eða gera aðgengilegar á annan hátt, þar með talið millifærslu yfir landamæri) á persónuupplýsingum þínum og einnig heilbrigðisupplýsingum.

## **+Marokkó**

Ábyrgðaraðili gagna þarf að fá skriflegt leyfi frá þér (samkvæmt skilgreiningu laga í Marokkó nr. 09-08 um verndun einstaklinga í kringum vinnslu persónuupplýsinga) og/eða frá Abbott, eftir hverju tilfalli, til að vinna úr persónuupplýsingum þínum. Með því að samþykkja skilmála þessarar persónuverndaryfirlýsingar telstu hafa gefið skriflegt samþykki fyrir vinnslu á persónuupplýsingunum þínum eins og lýst er hér. Hafðu í huga að ef þú dregur samþykki þitt til baka hefur það áhrif á getu heilbrigðisstofnunarinnar til að fjarvakta tækið þitt og getur haft áhrif á meðferðina. Fyrir notendur undir 18 ára aldri verður annað foreldri eða forráðamaður að veita samþykki.

Þrátt fyrir framangreint, ef þú vilt eyða Merlin.net-reikningnum þínum geturðu gert það með því að hafa samband við heilbrigðisstofnunina þína. Hafðu í huga að ef þú eyðir aðgangi þínum munum við halda eftir uppsöfnuðum og auðkennisbrennguðum upplýsingum og þurfum hugsanlega að halda eftir tilteknum persónuupplýsingum, eins og lög kveða á um.

Eftir að varðveislutíminn sem ákveðinn er í +Varðveisla persónuupplýsinga er liðinn, verður persónuupplýsingum þínum annaðhvort eytt eða geymdar í geymslu í samræmi við og á þann hátt sem sett er í gildandi gagnaverndarlögum.

Til viðbótar við réttindi þín sem lýst er í +Hvernig einstaklingar geta nálgast og leiðrétt persónuupplýsingar og réttindi einstaklinga, geturðu einnig afturkallað samþykki þitt hvenær sem er eða sent skrifleg andmæli við vinnslu persónuupplýsinga þinna með því að hafa samband við heilbrigðisstofnun þína. Ef þú afturkallar samþykki þitt eða sendir fram skrifleg andmæli, verður söfnun og vinnsla persónuupplýsinga þinna stöðvuð og Abbott mun geyma auðkennisbrennlaðar/gerviauðkenndar upplýsingar. Hafðu í huga að ef þú dregur samþykki þitt til baka hefur það áhrif á getu heilbrigðisstofnunarinnar til að fjarvakta tækið þitt og getur haft áhrif á meðferðina.

Þú átt rétt á að fá frá ábyrgðaraðila gagna og/eða Abbott sem ábyrgðaraðila eða undirverktaka, eftir hverju tilfalli, sé þess óskað, án tafar og ókeypis, upplýsingar um gögnin um þig sem unnið er úr og aðgang að persónuupplýsingum þínum; og til að mótmæla og leiðrétta hvenær sem er, ókeypis og án réttlætningar, gögnin um þig sem unnið er úr.

Staðbundið hlutdeildarfélag þitt er Abbott Morocco S.AR.L., 42, Bd Abdelmoumen, N°12, Résidence Walili Street, Casablanca 0340 – Maroc.

## **+Nýja Sjáland**

Ef þú vilt leggja fram kvörtun vegna brots á persónuverndarlögum 2020 (þar á meðal kóðanum sem gefnir eru út samkvæmt persónuverndarlögum 2020 eins og persónuverndarkóða heilsuupplýsinga 2020), eða ef þú hefur einhverjar spurningar eða áhyggjur varðandi persónuverndaryfirlýsingu okkar eða hvernig við meðhöndlum persónuupplýsingar þínar, hafðu þá samband við okkur með því að nota upplýsingarnar hér að ofan. Við munum gera sanngjarnar ráðstafanir til að rannsaka og svara þér.

Ef þú ert ekki sátt(ur) við svör okkar að þessu ferli loknu geturðu sent kvörtun til embættis persónuverndarfulltrúa. Sjá <https://www.privacy.org.nz/your-rights/making-a-complaint/> til að fá viðeigandi kvörtunareyðublað og tengiliðaupplýsingar skrifstofu persónuverndarfulltrúa. Til viðbótar við réttindi þín til að krefjast leiðréttingar á persónuupplýsingum þínum í okkar eigu, hefur þú einnig rétt til að láta Abbott í té yfirlýsingu um leiðréttinguna sem óskað er eftir á persónuupplýsingunum þínum („**Leiðréttingaryfirlýsing**“) og biðja Abbott um að láta yfirlýsinguna fylgja með. um leiðréttingu á persónuupplýsingum þínum ef við gerum ekki þá leiðréttingu sem þú hefur beðið um.

#### **+Norður Makedónía**

ÞÚ VEITIR SAMÞYKKI ÞITT AF FÚSUM OG FRJÁLDSUM VILJA OG ÞÚ VIÐURKENNIR AÐ ÞÉR BER ENGIN LAGALEG SKYLDA TIL AÐ VEITA ABBOTT PERSÓNUUPPLÝSINGAR.

**Lækningatæki og önnur lagaskilyrði og rannsóknir:** Að því er varðar hugtakið „gerfiauðkenni“ sem notað er í köflunum **+Lækningatæki og önnur lagaskilyrði og +Rannsóknir**, vinsamlegast athugaðu að lög um persónuvernd lýðveldisins Norður-Makedóníu (birt í Stjórnartíðindum Norður-Makedóníu No. 42/20) (**“MK DP Lög”**) skilgreinir „gerviauðkenningu“ sem „*vinnslu persónuupplýsinga á þann hátt að ekki sé lengur hægt að rekja persónuupplýsingarnar til tiltekins skráðs einstaklings án notkunar viðbótarupplýsinga, að því tilskildu að slíkum viðbótarupplýsingum sé haldið aðskildum og séu háðar tæknilegum og skipulagsráðstafanir til að tryggja að persónuupplýsingarnar séu ekki kenndar við auðkenndan eða auðkennanlegan einstakling*“.

**Lagagrundvöllur fyrir vinnslu á persónuupplýsingunum þínum:** Abbott vinnur persónuupplýsingar þínar, þar með talið heilsutengdar persónuupplýsingar þínar samkvæmt MK DP lögum eins og þær sem settar eru fram hér að ofan í kaflanum **+EES, Sviss og Bretland, og Caymaneyjar**.

#### **Gagnaflutningur:**

Fyrir flutning á persónuupplýsingum frá Norður-Makedóníu af heilbrigðisstofnun þinni til Abbott, sem „vinnsluaðila“, verður viðeigandi verndarráðstöfunum beitt í samræmi við MK DP lög eins og gagnaflutningssamningar sem veita fullnægjandi verndarráðstafanir sem jafngilda þeirri vernd sem veitt er samkvæmt MK DP lögum. Þú getur fengið afrit af viðeigandi öryggisráðstöfunum með því að hafa samband við okkur á: [privacy@abbott.com](mailto:privacy@abbott.com)

Tilvísanir í „ábyrgðaraðili“ og „vinnsluaðila“ eru byggðar á skilgreiningum þeirra í MK DP lögum, eins og kann að verða breytt frá einum tíma til annars.

**Viðurkenndur fulltrúi Abbott er** Abbott Laboratories S.A., Bul. Mihajla Pupina 115d, 11070 Novi Beograd, Serbíu

#### **+Óman**

Til að Abbott geti unnið úr persónuupplýsingum þínum þarf skriflegt samþykki þitt að liggja fyrir. Með því að samþykkja skilmála þessarar persónuverndaryfirlýsingar telstu hafa gefið skriflegt samþykki fyrir vinnslu á persónuupplýsingunum þínum eins og lýst er hér. Hafðu í huga að ef þú dregur samþykki þitt til baka hefur það áhrif á getu heilbrigðisstofnunarinnar til að fjarvakta tæki þitt og getur haft áhrif á meðferðina. Þrátt fyrir framangreint, ef þú vilt eyða Merlin.net-reikningnum þínum geturðu gert það með því að hafa samband við heilbrigðisstofnunina þína. Hafðu í huga að ef þú eyðir aðgangi þínum munum við halda eftir uppsöfnuðum og auðkennisbrengluðum upplýsingum og þurfum hugsanlega að halda eftir tilteknum persónuupplýsingum, eins og lög kveða á um.

#### **+Palestína**

Samþykki þitt fyrirfram er nauðsynlegt til að Abbott geti unnið úr persónuupplýsingum þínum eins og krafist er í ríkisstjórnarályktun nr. (3)/2019 og í samræmi við grunnlögin eins og henni var breytt árið 2005, nema þar sem við gerum það til að uppfylla lagaskyldu sem lýst í úrskurði með lögum nr. (31) / 2018 varðandi lækni- og heilsuvernd og öryggi, úrskurði með lögum nr. (10)/2018 varðandi netglæpi og +Lækningatæki og önnur lagaskilyrði. Með því að samþykkja skilmála þessarar persónuverndaryfirlýsingar telstu hafa samþykkt vinnslu á persónuupplýsingunum þínum eins og lýst er hér. Ef þú afturkallar samþykki þitt skilurðu að upplýsingarnar sem þegar hefur verið safnað á Merlin.net verða áfram unnar eins og lýst er hér og á samþykkiseyðublaði sjúklings. Ef þú vilt eyða reikningnum þínum á Merlin.net geturðu gert það með því að hafa samband við heilbrigðisstofnunina. Hafðu í huga að ef þú eyðir aðgangi þínum munum við halda eftir uppsöfnuðum og auðkennisbrennguðum upplýsingum og þurfum hugsanlega að halda eftir tilteknum persónuupplýsingum, eins og lög kveða á um.

### **+Filippseyjar**

**MEÐ ÞVÍ AÐ SMELLA Á „ACCEÐT“ (STAÐFESTA) EÐA „AGREE“ (SAMÞYKKJA) GEFUR ÞÚ SKÝRT SAMÞYKKI FYRIR VINNSLU PERSÓNUUPPLÝSINGA ÞINNA, Þ.M.T. HEILBRIGÐISUPPLÝSINGA, Í ÞEIM TILGANGI SEM KEMUR FRAM Í ÞESSUM SAMNINGI, ÁSAMT ÞESSUM HLUTA FYRIR NOTENDUR Á FILIPPSEYJUM. ÞÚ SKILUR AÐ MEÐ ÞVÍ AÐ SMELLA Á „ACCEPT“ (STAÐFESTA) EÐA „AGREE“ (SAMÞYKKJA) GEFUR ÞÚ SKÝRT SAMÞYKKI FYRIR HVERJU SÉRSTÖKU OG VIÐBÓTARSAMÞYKKI FYRIR VINNSLU PERSÓNUUPPLÝSINGA, ÞAR Á MEÐAL HEILBRIGÐISUPPLÝSINGAR, EINS OG SETT ER FRAM Í ÞESSUM HLUTA SEM BER YFIRSKRIFTINA „FILIPPSEYJAR“ OG VIÐ MUNUM VINNA PERSÓNUUPPLÝSINGAR Í SAMRÆMI VIÐ SLÍKT SAMÞYKKI.**

Persónuupplýsingar þínar verða unnar í samræmi við kröfur lýðveldislaga nr. 10173 eða *gagnaverndarlaga frá 2012* („DPA“), útfærslureglur og reglugerðir þeirra („IRR“) og viðeigandi reglur og reglugerðir gefnar út af National Privacy Commission of the Philippines („NPC“).

Þú getur beðið um aðgang að persónuupplýsingunum þínum, til að leiðrétta þær eða eyða þeim ef ástæða er til, mótmæla vinnslu þeirra eða takmarka aðgang að þeim og, þar sem það er hægt, fá afrit af persónuupplýsingunum sem varðveittar eru um þig og hafa allar ónákvæmar eða ófullnægjandi upplýsingar um þig leiðréttar eða uppfærðar. Þú hefur rétt á að mótmæla vinnslu persónuupplýsinga þinna, af lögmætum ástæðum, og óska eftir nafnleynd og/eða eyðingu slíkra upplýsinga. Þú átt einnig rétt á að leggja fram kvörtun um hvernig unnið er með persónuupplýsingar þínar hjá eftirlitsaðilanum þínum á staðnum. Þú átt einnig rétt á öllum réttindum sem veitt eru þér sem skráðum einstaklingi samkvæmt DPA, IRR þess og viðeigandi reglum og reglugerðum sem NPC gefur út.

Að því marki sem Abbott notar persónuupplýsingar þínar í eigin tilgangi, verður þú beðinn um að gefa samþykki þitt undir Merlin.net samþykkiseyðublaðinu.

Þú getur afturkallað samþykki þitt hvenær sem er með því að hafa samband við þína heilbrigðisstofnun. Hafðu í huga að ef þú dregur samþykki þitt til baka hefur það áhrif á getu heilbrigðisstofnunarinnar til að fjarvakta tækið þitt og getur haft áhrif á meðferðina. Ef þú dregur samþykki þitt til baka getur Abbott geymt uppsafnaðar og auðkennisbrenглаðar upplýsingar og gæti þurft að geyma tiltekna persónuupplýsingar eins og lög kveða á um.

